

12. júní 2010

Efni: Umsögn um mat á umhverfisáhrifum vegna frummatsskýrslu framkvæmda við lagningu háspennulínu að Bakka við Húsavík og jarðstrengs að Kröflu

Brunamálastofnun hefur borist bréf Skipulagsstofnunar, dags. 27.04.2010, tilv.2009040031, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu Landsnets að frummatsskýrslu vegna framkvæmda við lagningu 220kV háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík og 132kV jarðstrengs frá Bjarnarflagi að Kröflu .

Stofnunin hefur yfirfarið áætlunina og gerir engar athugasemdir. Brunamálastofnun vill engu að síður minna á að við hönnun og setningu háspennulína og jarðstrengja skal fylgja ákvæðum reglugerðar um raforkuvirki nr 678/2009. Sérstaklega skal huga að strengjalögnum, burðarvirkjum, lágmarksfjarlægðum og lágmarkshæðar línunnar m.t.t.snjóalaga á svæðinu og umferðar við og undir línurnar en þau ákvæði má finna í, ÍST 170, ÍST EN 50341-1:2001 og íslensk frávik ÍST EN 50341-3.

Virðingarfyllt
f.h. Brunamálastofnunar

Kristinn A Jóhannesson
Sérfræðingur rafmagnsöryggissviði

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Húsavík, 1. júní 2010

Efni: Háspennulínur frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík og jarðstrengur frá Bjarnarflagi að Kröflu

Vísað er til bréfs Umhverfisstofnunar frá 27. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra um mat á umhverfisáhrifum ofangreindra framkvæmda.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra gerir eftirfarandi athugasemdir við tillöguna:

1. Vatnsverndarsvæði.

Fram kemur í skýrslunni að jarðrask við fyrirhugaða háspennulínu er annars vegar vegna framkvæmda við möstur og slóðagerð og hins vegar vegna efnistöku. Í Norðurþingi eru fjórar námur sem falla í verndarflokk 1 og þrjár námur er falla í verndarflokk 2. Um er að ræða allar námur á svæðinu frá sveitarfélagsmörkum í Lambafjöllum og Höfuðreiðarmúla og norður að Botnsvatni. Í fyrri umsögn HNE um matskyldu framkvæmdarinnar hefur komið fram ábending um að við væntanlega framkvæmd verði sýnt fram á með fullgildum rökum að þess verði gætt að vatnsbólun verði ekki fyrir mengun.

Skal það ítrekað hér og vitnað í 2. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, m.sbr., en þar kemur fram að við gerð starfsleyfis fyrir vatnsveitu eða við ákvörðun um framkvæmdir á vatnsverndarsvæði skal umsækjandi starfsleyfis leggja fram mat um hvort hættu sé á að vatnsbólun spillist vegna nálægrar starfsemi eða umferðar. Við matið skal, eftir því sem við á taka mið af vatnafræðilegum, jarðfræðilegum og landafræðilegum aðstæðum á vatnasviði vatnsbólsins, líklegum uppsprettum mengunar, mengunarálagi og mikilvægi vatnsbólsins. Mikilvægt er að öll umferð, umgengni og ástand tækja- og vélbúnaðar verði eins og best verði á kosið, til að koma í veg fyrir að þarna verði mengunarslys. Á grannsvæði vatnsbóla er notkun hættulegra efna bönnuð svo og birgðageymsla slíkra efna. Hér er átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysl vatn.

Vakin er athygli á að HNE veitir starfsleyfi fyrir framkvæmdum á vatnsverndarsvæðum.

2. Vinnubúðir.

Fram kemur í skýrslunni að fjöldi starfsmanna við verkið er áætlaður 180 og heildarvinna 152 ársverk og að hugsanleg staðsetning vinnubúða verði við Kröflu, Þeistareyki og Húsavík. Jafnframt segir að ef verktakar setji upp vinnubúðir þurfi þær að vera í samræmi við reglugerð nr 798/1999 um fráveitur (rotþrær) og um mótuneyti starfsmanna gildir reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit. Unnið verður að framfylgd þessara reglugerða í samræmi við heilbrigðiseftirlit, viðeigandi sveitarfélög og landeigendur.

HNE spyr hvernig mengunarvörnum og öðru frá svo mörgum starfsmönnum verður háttað ef verktakar taka þá ákvörðun að setja ekki upp vinnubúðir á þessum stöðum, eða e.t.v. ef verktakar taka ákvörðun um að vinnubúðir skuli settar upp einhvers staðar annars staðar en á framangreindum stöðum?

Niðurstaða.

Það er mat HNE að verði staðið að framkvæmdum eins og þeim er lýst í skýrslu framkvæmdaaðila og að viðbættum athugsemdum heilbrigðiseftirlitsins, sé það ásættanlegt

Virðingarfyllst

Þorkell Björnsson
heilbrigðisfulltrúi



64. fundur
skipulags- og byggingarnefndar Norðurlþings
haldinn í stjórnsýsluhúsi Norðurlþings,
fimmtudaginn 3. júní 2010 og hófst hann kl. 18:00

Fundinn sátu:

Jón Grímsson, Hannes Höskuldsson, Gunnar Bóasson, Benedikt Kristjánsson, Hilmar Dúi Björgvinsson, Gaukur Hjartarson,

Fundargerð ritaði: Gaukur Hjartarson, Skipulags- og byggingarfulltrúi

Dagskrá:

1. 200806049 - Alcoa inc. Tillögur að matsáætlun álvers á Bakka

Skipulags- og byggingarnefnd Norðurlþings hefur kynnt sér eftirfarandi frummatsskýrslur sem nú eru í kynningarferli:

1. Kröfluvirkjun

Skipulags- og byggingarnefnd Norðurlþings gerir ekki athugasemdir við skýrsluna.

2. Þeistareykjavirkjun

Skipulags- og byggingarnefnd telur skýrsluna vel unna en óskar þó eftir að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

2.1. Í kafla 7.1 er m.a. fjallað um stöðu aðalskipulags Norðurlþings. Það skal áréttað að breyting á aðalskipulagi Húsavíkurbæjar 2005-2025 var samþykkt í sveitarstjórn 19. janúar 2010 og staðfest af umhverfisráðherra 31. mars 2010. Ennfremur er nýtt aðalskipulag Norðurlþings nú í kynningarferli með athugasemdafresti til 1. júlí n.k. Texta kaflans þyrfti að leiðrétta m.v. þær breytingar sem orðið hafa á stöðu aðalskipulagsins.

2.2. Æskilegt væri að tilvísanir væru í greinargerð og uppdretti í þá númeringu efnistökusvæða sem birtast í tillögu að aðalskipulagi Norðurlþings sem er í kynningu.

2.3. Efnistökusvæði sem kallað er RHN-6 er ekki á samþykktu aðalskipulagi og ekki í tillögu að því aðalskipulagi sem er í kynningu.

3. Háspennulínur (220 kV) frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík

Skipulags- og byggingarnefnd telur skýrsluna vel unna en óskar þó eftir að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

3.1. Í kafla 5.1.3 er fjallað um stöðu aðalskipulags. Það skal áréttað að breyting á aðalskipulagi Húsavíkurbæjar 2005-2025 var samþykkt í sveitarstjórn 19. janúar 2010 og staðfest af umhverfisráðherra 31. mars 2010. Ennfremur er nýtt aðalskipulag Norðurlþings nú í kynningarferli með athugasemdafresti til 1. júlí n.k. Texta kaflans þyrfti að leiðrétta m.v. þær breytingar sem orðið hafa á stöðu aðalskipulagsins.

3.2. Æskilegt væri að tilvísanir væru í greinargerð og uppdretti í þá númeringu efnistökusvæða sem birtast í tillögu að aðalskipulagi



Norðurbings sem er í kynningu (kafli 2.3.1).

3.3. Efnistökusvæði sem kallað er RHN-6 er ekki á samþykktu aðalskipulagi og ekki í tillögu að því aðalskipulagi sem er í kynningu.

4. Álver Alcoa á Bakka við Húsavík.

Skipulags- og byggingarnefnd telur skýrsluna vel unna en óskar þó að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

4.1. Í kafla 9.1 er fjallað um aðalskipulag í landi Bakka. Það skal árétt að breyting á aðalskipulagi Húsavíkurbæjar 2005-2025 var samþykkt í sveitarstjórn 19. janúar 2010 og staðfest af umhverfisráðherra 31. mars 2010. Ennfremur er nýtt aðalskipulag Norðurbings nú í kynningarferli með athugasemdafresti til 1. júlí n.k. Texta kaflans þyrfti að leiðrétta m.v. þær breytingar sem orðið hafa á stöðu aðalskipulagsins.

4.2. Í kafla 10.5 er fjallað um ferðaþjónustu og útivist. Í þeirri tillögu að nýju aðalskipulagi Norðurbings sem til kynningar er, er gert ráð fyrir göngustíg með sjávarbökkum frá Húsavík að Reyðará. Því er umfjöllun síðustu setningar kaflans röng.

4.3. Í kafla 11.3. er fjallað um fornleifar á Bakka. Rétt væri að leiðrétta að bæjarhús á Bakka voru rifin á níunda áratug síðustu aldar.

4.4. Í kafla 11.7.1 er fjallað um fuglalíf á Bakka. Þar kemur fram að hóflegur fjöldi algengra íslenskra fuglategunda finnst þar og engir sjaldgæfir fuglar. Í skýrslu Náttúrustofu Norðausturlands, sem birt er í viðauka, er talið að aðeins 20 tegundir varpfugla séu á svæðinu. Hinsvegar er varppéttleiki með því mesta sem mælst hefur á landsvísu sem samanstandur f.o.f. af algengum tegundum á landsvísu, nánar tiltekið stelkum, hrossagaukum, jaðrakan, lóupræl, spóa og heiðlóu. Tilgreindar eru tvær tegundir fugla í varpi sem hlotið hafa stöðu á valista Náttúrufræðistofnunar, þ.e. hrafn og svartbakur. Báðar þessar tegundir eru/voru í varpi svæðis á náttúruminjasrá sem ekki stendur til að raska við framkvæmdir. M.v. að fuglalíf við Bakka virðist af skýrslum að ráða mjög venjulegt m.v. þingeyst votlendi án tjarna/stöðuvatna skýtur skökku við að segja að "fuglalíf á Bakka og nágrenni sé mjög sérstakt á landsvísu" og réttara að velja þar mun hóflegra orðalag.

4.5. Í kafla 13.5 er fjallað um landnotkun. Í þeirri tillögu að aðalskipulagi sem til kynningar er, er gert ráð fyrir göngustíg með sjávarbökkum frá Húsavík að Reyðará. Því er umfjöllun síðustu setningar kaflans röng.

5. Sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum ofangreindra framkvæmda
Skipulags- og byggingarnefnd Norðurbings telur skýrsluna afar vel unna og skilmerkilega en vill þó koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

5.1. Rétt er uppfæra texta kafla 2.6.2 þar sem sveitarstjórn Norðurbings samþykkti breytingu aðalskipulags Húsavíkur 19. janúar 2010 sem umhverfisráðherra staðfesti 31. mars 2010.

5.2. Rétt er að nota hóflegra orðalag varðandi fuglalíf í Bakkamýrum í kafla 6.5.1 sbr. umfjöllun 4.4 hér að ofan.

2. 201005076 - Sýslumaðurinn á Húsavík, ósk um umsögn vegna leyfisveitingar til handa Önnu D. Helgadóttur

Um er að ræða sölu gistingar í fl. II að Fossvöllum 2.

Skipulags- og byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn um erindið að því tilskyldu að eingöngu séu leigð út til gistingar þau rými sem til þess eru ætluð skv. samþykktum teikningum.



3. 201005070 - Ástþór Stefánsson sækir um leyfi til að gera bílastæði í norðausturhorni lóðar að Uppsalavegi 4

Óskað er eftir leyfi til að gera viðbótarbílastæði norðaustan við húsið að Uppsalavegi 4. Fram kemur í umsókn að bílastæðið verður gert í samráði við aðliggjandi nágranna.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið, enda í samræmi við staðsetningu byggingarreits fyrir bílskúrs skv. deiliskipulagi.

4. 201005067 - Sveinn Hreinsson f.h. eignasjóðs Norðurljóps sækir um byggingarleyfi fyrir nýtt anddyri við Lundarskóla

Fyrir liggur teikning unnin af Per Langsøe Christensen hjá Mannviti.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið, enda verði halli á skábraut til sarmæmis við ákvæði byggingarreglugerðar.

5. 201002026 - Tryggvi Óskarsson sækir um byggingarleyfi fyrir íbúðarhús að Þverá

Erindið var áður til umfjöllunar í skipulags- og byggingarnefnd 9. febrúar s.l. og var þá byggingarfulltrúa falið að leita undanþágu til umhverfisráðherra. Undanþága var samþykkt í ráðuneyti og meðmæli skipulagsstofnunar á grundvelli 3tl bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga fengust með bréfi dags. 2. júní 2010.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið.

6. 201006001 - Val ehf. sækir um byggingarleyfi að Höfða 7 eftir breyttum teikningum.

Fyrir liggur umsögn eldvarnareftirlits, dags. 2. júní.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið að því tilskildu að fylgt verði ábendingum eldvarnareftirlits um stærð og opnun björgunarops af milligólfi, merkingu neyðarútganga og frágang eldvarnarveggja. Ennfremur þarf að leiðrétta texta í byggingarlýsingu. Samþykkið nær til geymsluhúsnæðis eingöngu skv. umsókn.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:15

Gunnar Þor
John Linn
Benedikt Kopp
Sanna Hóskuldur
Hlu

Fornleifavernd ríkisins hefur móttakið bréf Skipulagsstofnunar þar sem óskað er eftir umsögn um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Fyrirhugað er að leggja tvær 220 kV háspennulínur frá Kröflu og Þeistareykjum að fyrirhugaðri iðnaðarlóð á Bakka við Húsavík. Línurnar liggja samsíða á köflum en fara hvor sína leið á stærstum hluta leiðarinnar eins og lýst er í frummatsskýrslu. Línurnar bera mismunandi heiti á ólíkum hlutum leiðarinnar, Kröflulínur 4 og 5, Þeistareykjalína 1 og Hólasandslínur 1 og 2. Auk þessara lína er í frummatsskýrslu kynntur um 10 km langur jarðstrengur sem leggja á frá fyrirhugaðri Bjarnarflagsvirkjun að tengivirki við Kröflustöð. Loks er fjallað um hugsanlegan veg frá Bæjarfjalli að Kísilvegi á Hólasandi.

Árið 2007 skráði Fornleifastofnun Íslands ses fornleifar á fyrirhuguðum línustæðum frá Kröflu norður til Þeistareykja og þaðan norður að iðnaðarlóð á Bakka við Húsavík. Niðurstöður vinnunar komu fram í skýrslu sem gefin var út árið 2007.

Háspennulínur. Í fornleifaskráningaskýrslunni er unnið út frá hættumati sem einnig er notað í frummatsskýrslunni. Þegar fyrirhugað framkvæmdasvæði háspennulínanna var skoðað var leitað að fornleifum á 150 m breiðu belti til hvorrar handar frá línustæðinu. Alls var því kannað 300 m breitt belti. Allar minjar sem fundust á þessu belti voru flokkaðar „í stórhættu vegna framkvæmda“. Fornleifar sem fundust utan við þetta svæði voru flokkaðar „í hættu vegna framkvæmda“. Í fornleifaskráningaskýrslunni segir að í og við fyrirhugað línustæði hafi fundist 107 fornleifar. Af þeim töldust 71 „í stórhættu“ og 36 „í hættu“. Í töflu á bls. 67 og 68 í fornleifaskráningaskýrslu eru taldar upp 57 fornleifar sem sagðar eru „í stórhættu“ við fyrirhuguð línustæði. Í frummatsskýrslu er tafla (7.5) á bls. 155 með samantekt á fornleifum og öðrum minjum innan og í grennd við áhrifasvæðið. Þar eru 40 fornleifar sagðar „í stórhættu“, 16 „í hættu“ og 1 „í stórhættu/hættu“. Skýringin á þessum mismun er sennileg sú að í fornleifaskráningarskýrslunni er fjallað um fornleifar nærri háspennulínu sem fyrirhugað var að leggja að Gjástykki og þá kunna einhverjar tilfærslur að hafa orðið á fyrirhuguðu línustæði sem gera það að verkum að fornleifar sem áður voru taldar í hættu eru það ekki lengur.

Mikill meirihluti þeirra fornleifa sem kunna að vera í hættu vegna lagningu háspennulínanna eru vörður. Í frummatsskýrslu segir að við framkvæmdina verði tekið tillit til staðsetningu fornleifa og reynt að hlífa þeim. Staðsetning þeirra verður kynnt fyrir verktökum og þeim gert að sýna fyllstu aðgát við framkvæmdir og meðferð vinnuvéla. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi allar vörður innan framkvæmdasvæðisins. Ef ekki verður komist hjá raski á einhverjum þeirra þarf að sækja um leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að fjarlægja þær og hlíta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja, sbr. 10. og 12. gr. Þjóðminjalaga (Nr. 107/2001).

Auk varða þarf að taka tillit til eftirfarandi fornleifa við lagningu háspennulínanna (skáletraður texti er úr skráningarskýrslu Fornleifastofnunar Íslands ses):

Gerði/rétt í landi Þeistareykja (SP-250x:046). *"Klif er, þar sem Þeistareykjahraun hefur runnið að Þeistareykjavegg. Í krika sunnan við Klifið sést fyrir mannvirkjum, sennilega fjárrétt." segir í örnefnalýsingu. Tæpum 1 km norðan við Þeistareykjaaaðhald 056 er grjóthlaðin rétt syðst í Klifinu. Réttin er undir um 30 m háum misgengisvegg með stórgrýtisurð neðan við að austan og úfnu hrauni að vestan. Sunnan við er vallendisrimi sem nær alveg að*

réttinni en lyngmóar - gróið hraun - sitthvorumegin við rimann. Lyngmóar eru einnig norðan við Klifið og ofan við vegginn. Tvískipt rétt hlaðin úr hraungrýti. Hleðslan nær upp á hraunbrúnina að vestan og upp í stórgrýtisurðina að austan. Þeim megin eru hleðslurnar mjög hrundar en þær standa enn vel vestanmegin, 6-7 umför. Gengið hefur verið inn að sunnan. Minna hólfíð er sunnar, 6x7 m að stærð, en hið stærra er þar inn (norður) af, 16x14 m að stærð. Ekki er skýrt op á milli hólfanna en milliveggurinn er mjög hrundur við jörð.

Klif, gata/leið, í landi Þeistareykja (SP-250x:051). "Þriðji veggurinn kallast Klifveggur eða Þeistareykjaveggur þar sem hann er næstur Þeistareykjum, og Þeistareykjahraunið hefur runnið alveg að honum og þar sem farið er yfir fast við vegginn á hestum kallast Klif." segir í örnefnalýsingu. "Milli hraunsins og [Þeistareykjaveggjar] er stórgrýtt klif, sem nefnt er Þeistareykjaklif, eða vanalega stytt í Klif. En þegar komið er upp úr þessu Klifi, er komið á Grundirnar. Um þetta Klif liggur hin forna flutningaleið frá Þeistareykjum til Húsavíkur." Hraunið hefur runnið upp að Þeistareykjavegg á um 300 m kafla og þar liggja skýrir götutroðningar utan í hraunbrúninni. Engin leið fær hestum er upp vegginn á þessu svæði, en veggurinn endar um 300 m sunnan við Klifið og þar skammt frá er varða 092. Geil milli hrauns að vestan og um 30 m hás misgengisveggjar að austan. Skýrar götur liggja um Klifið og er þeim haldið við af sauðfé.

Þeistareykjaaðhald, gerði/rétt, í landi Þeistareykja (SP-250x:056). "Í klettaborgum vestur af Kvíhólafljóllum var hlaðið Kvíhólaaðhald fyrir fé, og Þeistareykjaaðhald er norðar hjá Þeistareykjum." segir í örnefnalýsingu. Um 1,35 km NNV við Þeistareyki (001), nyrst í krika sem myndast af Þeistareykjahrauni að vestan og hverabrekku að austan er Þeistareykjaaðhald. Það er um 800 m norðan við norðausturhornið á landgræðslugirðingunni. Nyrst í lyngmóa, í dæld milli hrauns og hveraleirsbrekku, en engir virkir hverir eru þar nú. Ofan (austan) við brekkuna eru Þeistareykjagrundir en næst aðhaldinu er brekkan nær avleg gróðurlaus. Innan í gerðinu er grasmói og litlar tjarnir nyrst í því þar sem lægst er. Smátjarnir eru einnig utan við gerðið að sunnanerðu. Gerðið er hlaðið úr hraungrýti, nema að austanverðu þar sem blágrýtishnullungar úr hverabrekkunni hafa verið notaðir. Sumstaðar standa uppundir 6 umför í hleðslunum og er mesta hæð 1,5 m, en víðast er garðurinn orðinn mjög skörðóttur og á löngum köflum alveg hruninn við jörð, einkum austan og norðaustantil. Hleðslurnar standa best sunnan og suðvestantil, ekki síst í hrauninu. Dyraop er á suðausturhlið, um 1,5 m breitt. Grjóthrúga er uppi á brekkunni sunnanhalt á móts við aðhaldið og þaðan sjást a.m.k. tvær hundapúfur í beinni línu í átt að Þeistareykjum. Má vera að þetta séu mannaverk.

Gata/leið í landi Þeistareykja (SP-250x:088). Fjargata liggur vestan í Bæjarfjalli, í hlíðarfæti, og liggur úr suðri til norðurs. Þýfður lyngmói. Gatan er mjög greinileg, talsvert niðurgrafin og ógróin. Yfirleitt er gatan þó aðeins einföld. Annað hnit var tekið um 1,5 km sunnar: N. 65°50.464 V. 16°59.234. Á milli þessarar tveggja hnita liggur gatan yfir fyrirhugað línustæði. Ekki er ósennilegt að götunni hafi verið fylgt er fólk var að koma sunnan að og til Þeistareykja.

Tóft í landi Þeistareykja (SP-250x:096). Um 1 km norðvestan við gamla bæjarstæðið á Þeistareykjum er varða og tóftarbrot. Stórþýfður lyngmói. Það er eins og grjóti úr tóft sem hér hefur verið, hafi verið hróflað upp í vörðu til að vísa á fastan staðsetningarpunkt sem er boraður í stein. Grjóthrúgan rís hæst um 0,8 m og er um 1 m á breidd. Í vestur frá grjótinu

ganga garðlög, útveggir, 3 m og er tóftin um 2 m á breidd. Ekki er eiginlegt op að sjá. Nokkrir steinar sjást í torfveggjunum sem eru hæstir um 0,4 m. Enga innveggi er að sjá. Mannvirkið er því í heildina, með tóft og vörðu, 4 m A-V og 2 m N-S. Tóftin er um 30 m austan við fyrirhugað línustæði.

Garðlag í landi Bakka (SP-312:033). Garðlag, fornlegra og signara en garðlögin í áveitukerfinu sem liggur um Bakkamýrar (021), er greinilegt frá garðlaginu sem liggur frá stekknunum (013) og til austurs. Garðlagið er fyrst greinilegt frá umræddu garðlagi (013) og svo virðist sem garðlögin tvö hafi komið saman í námunda við þar sem vegurinn er nú. Garðlagið liggur síðan áfram til austurs á lágu holti. Rúmlega 200 m ofar tekur við mýri og hverfur garðlagið þá næstum alveg á um 250 m kafla. Það verður svo aftur greinilegt efst í mýrinni þar sem aftur taka við holt. Þar liggur garðurinn í tæpa 200 m þar til um 30 m austan við þjóðveg. Garðurinn er svo aftur merkjanlegur 30-40 m ofan við þjóðveg en 8 m austan við slóða sem liggur samsíða þjóðvegi ofan hans. Þar liggur garðlagið í 15 m áður en 10 m skarð kemur í það. Hann liggur svo áfram í um 60 m 52 til norðausturs upp á mel áður en hann hverfur alveg. Garðurinn hefur legið um mýrar og mela. Garðurinn er samtals um 900 m langur og liggur austur-vestur. Hann er víða mjög breiður, allt að 5 m á breidd en 0,3-0,4 m á hæð. Garðuinn er mun fornlegri en flest þau garðlög sem liggja um mýrina og virðist ekki vera hluti af áveitumannvirkjum. Austasti hluti garðlagsins er í landi Tröllakots. Ekki er vitað hvaða hlutverki garðurinn hefur gegnt. Stærstu hluti garðlagsins er á því svæði sem áætlað er undir álver.

Mógrafir í landi Bakka (SP-312:054). Rétt rúman 1 km ASA þjóðvegur, uppi í hlíð eru mógrafir, um 25 m austan vegarslóða sem liggur upp hlíðina, í Bakkalandi. Á austurbakka lækjar sem rennur eftir litlu gili. Grafirnar eru á grösugri grund við læk: uppstungin ferningur, um 18 m NA-SV og um 15 m á breidd. Grafirnar eru grónar, nokkuð blautar, og eru dýpstar um 1 m. Um 100 m suðvestan fyrirhugaðs línustæðis.

Mógrafir í landi Bakka (SP-312:055). Rétt rúman 1 km ASA þjóðvegur, uppi í hlíð eru mógrafir, um 25 m austan vegarslóða sem liggur upp hlíðina, í Bakkalandi. Það er möguleiki að um tóft sé að ræða en þó er líklegra að hér sé stök mógröf eða torfstunga á ferðinni, um 2 m N-S og um 1 á breidd. Það má ímynda sér að útveggir séu sjáanlegir að sunnan og vestan en sennilega hefur verið stungið út með gröfinni um 1 m niður. Tæpa 100 m suðvestan við fyrirhugað línustæði.

Mógrafir í landi Bakka (SP-312:056). Rétt rúman 1 km ASA þjóðvegur, uppi í hlíð eru mógrafir, um 25 m austan vegarslóða sem liggur upp hlíðina. Ofarlega í Bakkalandi. Austan lækjar sem rennur eftir litlu gili á grösugri grund, sjá 054 og 055. Mógrafir eru samfelldar á svæði sem er um 15 m A-V og um 7 á breidd. Grafirnar eru algrónar, nokkuð votar og er svæðið mest um 1,5 m djúpt, kantadar útlínur. Um 80 m suðvestan fyrirhugaðs línustæðis.

Mógrafir í landi Bakka (SP-312:057). Rétt rúman 1 km ASA þjóðvegur, uppi í hlíð eru mógrafir, um 25 m austan vegarslóða sem liggur upp hlíðina. Ofarlega í Bakkalandi. Austan lækjar sem rennur eftir litlu gili á grösugri grund, sjá 054, 055 og 056. Fremur óreglulegar mógrafir á svæði sem er um 20 m NNA-SSV og um 20 m á breidd. Svæðið er ekki

jafnstungið: bálkar eru á milli. Grafir eru grónar, ekki mjög blautar og eru dýpstar um 1 m. Um 30 m suðvestan fyrirhugaðs línustæðis.

Mógrafir í landi Bakka (SP-312:058). Rétt rúman 1 km ASA þjóðvegur, uppi í hlíð eru mógrafir, austan vegarslóða sem liggur upp hlíðina. Um 60 m vestan við mógrafir 057. Fast austan lækjar sem rennur eftir litlu gili á grösugri grund, sjá 054, 055, 056 og 057. Djúpur mógrafapyttur, um 4 m á kant, og um 1,5 m á dýpt.

Tóft í landi Bakka (SP-312:059). Um 1,5 km í VSV, hornrétt frá þjóðvegi í Bakkalandi uppi í hlíð, er lítið grjótmannvirki. Vestarlega á rofnel sem er umlukinn stórþýfðum harðmóa er tóft. Austan við er grösugt svæði og vott. Grjóti hefur verið laklega hróflað upp í rúman hálfhring, 2,5 m í þvermál. Mest eru 3 umför grjóts að sjá og mesta hleðsluhæð er um 0,6 m og veggir breiðastir um 1 m. Ekki er grjót gróið en hleðslan situr á lyngbeði þótt umhverfis sé blásið ofan í mel. Op er á hleðslunni syðst á austurvegg. Ekkert hrún er að sjá og verður að teljast líklegt að mannvirkið hafi verið hlaðið meira af gamni en nauðsyn, t.d. gæti smali hafi dundað sér við þetta. Um 120 m norðaustan við fyrirhugað línustæði.

Garðlag/áveita í landi Bakka (SP-312:061). Hlaðið garðlag er um 350 m suðaustur frá mógrafasvæði 054-057. Býsna mikill mýrarflói sem er eins og stallur í hlíðina. Heildarstefna garðsins er nær því að vera A-V heldur en NA-SV en er aðeins bogadreginn og er snýr ytri hlið bogans til suðausturs. Garðurinn er um 360 m á lengd og er orðinn lélegur til endanna en er mjög greinilegur um miðbikið. Hæðin er um 0,4 m og þykktin mest 1,5 - 2 m. Garðurinn er mikið til gróinn lyngi og svo grasi en það má segja að hann sé á milli tveggja „vatnasvæða“ þ.e. beggja vegna garðs eru blautar mýrar og vatnspyttir. Garðurinn gæti hvort heldur sem er verið vörslugarður eða einhverskonar áveitugarður. Garðurinn liggur þvert á fyrirhugað línustæði.

Fjallað er um ofantaldar fornleifar, að SP-250x:051 og SP-250x:056 undaskyldum, í kafla 7.8 í frummatsskýrslu. Í skýrslunni er auk þess talað um leið/götu norðvestan við Kvíhólafjöll. Þar segir að reynt verði að hlífa fornleifum við framkvæmdir er tengjast möstrum, vegslóðum og efnistöku. Staðsetning þeirra verður kynnt verktökum og þeim gert að sýna fyllstu aðgát við framkvæmdir og meðferð vinnuvéla. Hlutverk eftirlitsmanna verður að framfylgja þeim skilyrðum sem verktökum verða sett.

Erfitt er að fullyrða um hvort hægt verður að forða öllum fornleifum á framkvæmdasvæðinu frá raski. Fornleifavernd ríkisins telur brýnt að leitað verði leiða til að það verði unnt. Þá álitur stofnunin að merkja þurfi allar fornleifar innan framkvæmdasvæðisins á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá. Ef ekki verður komist hjá raski á einhverjum þeirra þarf að sækja um leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að fjarlægja þær og hlíta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja, sbr. 10. og 12. gr. þjóðminjalaga (Nr. 107/2001).

Jarðstrengur. Vegna stækkunar Bjarnarflagsvirkjunar þarf tengingu við flutningskerfið milli Bjarnarflags og Kröflu. Fyrirhugða er að leggja jarðstreng á milli svæðanna. Fjallað er um fornleifar í nágrenni framkvæmdasvæðisins og áhrif framkvæmdarinnar á þær í köflum 7.10.1 og 7.10.2 í frummatsskýrslu. Fornleifarnar sem þar eru nefndar eru Skarðssel (seltóft, SP-208:083),

Dalsrétt (tóft/rétt, SP-208:096), Dalshús (tóft/beitarhús, SP-208:097), Selholt (tóftir, SP-208:098) og Gamli vegur (póstvegur og vörður með honum, SP-208:124 A-P).

Í tengslum við annan hluta rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða skráði Fornleifavernd ríkisins fornleifar á Kröflusvæðinu og í nágrenni Námafjalls. Ofantaldar fornleifar voru allar skráðar. Fornleifarnar eru allar, nema Skarðssel (SP-208:083), í um og yfir 100 m fjarlægð frá fyrirhuguðum jarðstreng. Í frummatsskýrslu segir að í raun sé áhrifasvæði framkvæmdar við lagningu jarðstrengsins einungis fáir metrar. Skarðssel, sem í raun er rústaþyrping, er í um 40 m fjarlægð frá vegi sem liggur vestan við seljarústirnar. Milli rústanna og vegarins rennur Dallækur. Jarðstrengurinn mun liggja nokkuð vestan vegarins svo að hvorki þessum rústum né öðrum fornleifum ætti að stafa hættu af lagningu hans.

Í frummatsskýrslu segir að staðsetning fornleifa verði kynnt verktökum og þeim gert að sýna fyllstu aðgát við framkvæmdir og meðferð vinnuvéla. Hlutverk eftirlitsmanna verður að framfylgja þessu. Fornleifavernd ríkisins telur þetta fullnægjandi mótvægisáðgerðir gagnvart fornleifum í nágrenni jarðstrengsins.

Hugsanlegur vegur frá Bæjarfjalli að Kísilvegi á Hólasandi. Fjallað er um vegagerð á þessum kafla í frummatsskýrslu um háspennulínur frá Kröflu að Bakka. Gert er ráð fyrir að nota fyrirhugaða veglínu til að tengja slóðir við Hólasandslínu 2 til að lágmarka slóðagerð eins og kostur er. Veglínun mun fylgja núverandi slóða þar sem það er hægt en á syðri hluta leiðarinnar á Hólasandi verður það ekki raunin. Í frummatsskýrslu kemur fram að veglínun muni nýtast fyrirhuguðum framkvæmdum við háspennulínu að teknu tilliti til fjarlægðarmarká háspennulínu og vegar. Lagðar verða minni slóðir út frá veglínunni að hverju mastri. Þá segir að umfjöllunin í frummatsskýrslu taki mið af frumdrögum Vegagerðarinnar á veglínunni og að umfjöllunin takmarkist við þær upplýsingar sem þar koma fram. Frumdrög að skýrslu Vegagerðarinnar fylgja með frummatsskýrslu. Loks segir í frummatsskýrslu að eftir uppmælingu vegstæðisins og endanlega hönnun sé líklegt að gerðar verði einhverjar breytingar á hæðarlegu og hugsanlega minniháttar tilfærslur á planlegu vegarins. Lagðir eru fram tveir kostir, A og B, á hluta leiðarinnar.

Í kafla 3.4.2 í frummatsskýrslu er fjallað um fornleifar í grennd við veglínuna. Þar eru taldar upp fjórar vörður (SP 250:089, 090, 144 og 146) og ein gata (SP 250:088A). Ekki kemur fram hvort veglínun skerir götuna né hversu langt veglína muni liggja frá vörðunum. Hins vegar segir að reynt verði að hlífa fornleifunum við framkvæmdirnar. Staðsetning fornleifanna verði kynnt verktökum og þeim gert að sýna fyllstu aðgát við framkvæmdir og meðferð vinnuvéla. Hlutverk eftirlitsmanna verði að framfylgja þessu. Umræddar fornleifar voru skráðar í úttekt á fornleifum við fyrirhugað línustæði en þá var þetta vegstæði ekki sérstaklega kannað. Í skýrslu Vegagerðarinnar segir: *Úttekt á vegstæðinu með tilliti til hugsanlegra fornminja hefur ekki farið fram. Niðurstöður þeirra athugana gætu leitt til breytinga á veglínunni.*

Fornleifavernd ríkisins telur að kanna þurfi betur hvort fornleifar finnist í eða í næsta nágrenni við fyrirhugaðrar veglínu. Bera þarf niðurstöður athugunarinnar undir stofnunina og hlýta þeim skilmálum um mótvægisáðgerði sem hún kann að setja. Varðandi þær fornleifar sem þekktar eru á svæðinu þá álitur stofnunin að merkja þurfi allar fornleifar í nágrenni veglínunnar á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá. Ef ekki verður komist hjá

raski á einhverjum þeirra þarf að sækja um leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að fjarlægja þær og hlíta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja, sbr. 10. og 12. gr. Þjóðminjalaga.

Fornleifavernd ríkisins gerir ekki frekari athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að í 10. gr. Þjóðminjalaga (Nr. 107/2001) stendur m.a.: *Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.* Og á 13. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.*

Virðingarfyllt,
f.h. Fornleifaverndar ríkisins

Kristinn Magnússon
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Akureyri, 4. júní 2010
Tilvísun: 2009020047/10.21
MB/


Efni: Háspennulínur frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík og jarðstrengur frá Bjarnarflagi að Kröflu - umsögn við frummatsskýrslu

Vegagerðin hefur yfirfarið frummatsskýrslu ofangreindrar framkvæmdar.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við ofangreinda frummatsskýrslu.

Virðingarfyllst,

Magnús Björnsson
Verkefnastjóri



Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
sviðsstjóri umhverfissviðs
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 09. júní 2010
Tilvísun: 2010060004
Bréfalykill: 22.2

Efni: Umsögn Orkustofnunar um sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum álvers á Bakka við Húsavík, Þeistareykjavirkjunar, Kröfluvirkjunar II og háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka.

Inngangur

Orkustofnun vísar til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 27. apríl 2010, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum álvers á Bakka við Húsavík, Þeistareykjavirkjunar, Kröfluvirkjunar II og háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík.

Orkustofnun telur rétt að koma að eftirfarandi athugasemdum áður en fjallað er um einstaka liði framangreindra framkvæmda. Með lögum 74/2005 voru umtalsverðar breytingar gerðar á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2006, og sem dæmi má nefna að niðurstaða Skipulagsstofnunar í mati á umhverfisáhrifum sem áður var í formi úrskurðar er nú álit. Leyfisveitendum ber við útgáfu leyfis að kynna sér matsskýrslu og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar, sbr. 13. gr. laganna. Á fyrri stigum matsferilsins, þ.e. við ákvörðun um matsskyldu, sbr. 2. mgr. 6. gr., við gerð matsáætlunar, sbr. 2. mgr. 8. gr., og við afgreiðslu Skipulagsstofnunar á frummatsskýrslu, sbr. 5. mgr. 10. gr., er kveðið á um að hún skuli leita álits leyfisveitanda áður en hún tekur ákvörðun. Samkvæmt eldra fyrirkomulagi var leitað umsagna þar sem Skipulagsstofnun úrskurðaði en hægt var að kæra úrskurðinn til umhverfisráðherra og sú niðurstaða réði úrslitum um hvort leyfisveitendum var heimilt að veita leyfi fyrir framkvæmdum. Hið nýja fyrirkomulag vekur upp spurningar um stjórnábylgju aðkomu leyfisveitenda að veitingu umsagna, þ.e. hvort leyfisveitandi kunni við álitsgjöf á fyrri stigum stjórnábylgju, og af þeirri ástæðu einni, að vera vanhæft til að taka ákvörðun síðar um leyfisveitingu.

Í ljósi þeirrar óvissu um aðkomu Orkustofnunar í máli þessu telur stofnunin sér ekki stætt að veita efnislega umsögn um framangreinda framkvæmdaþætti en mun þess í stað koma á framfæri almennum athugasemdum um umrædda frummatsskýrslu með hliðsjón af því hlutverki matsskýrslu og álits Skipulagsstofnunar að stuðla að upplýstri ákvarðanatöku leyfisveitenda.

Raflínur

Leyfi Orkustofnunar þarf til að reisa nýjar raflínur sem flytja raforku á 66 kV spennu eða hærrí, sbr. 2. mgr. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Í ljósi þess sem að framan hefur verið rakið telur stofnunin sig ekki bæra á þessu stigi að taka afstöðu til þeirra tillagna sem fram koma varðandi lagningu á Kröflulínunum 4 og 5 og Bjarnarflagslínu 3. Ljóst má þó vera að verði að

byggingu stóriðju við Bakka þarf að ráðast í umfangsmikla styrkingu á raforkukerfinu á Norðausturlandi. Hið sama á við verði virkjað fyrir jarðhita á svæðinu. Til þess að fá umrætt leyfi fyrir nýjum raflínunum mun flutningsfyrirtækið m.a. þurfa að sýna fram á arðsemi framkvæmdarinnar auk þess sem stofnunin getur sett skilyrði sem lúta að umhverfisnefnd og landnýtingu. Þá þarf rekstraröryggi raflínanna að vera gott

Orkustofnun vekur athygli á að þar sem raflínur og þá sérstaklega jarðstrengir fara um viðkvæmar jarðmyndanir, svo sem hraun, þarf að huga að óafturkræfum umhverfisáhrifum í því sambandi. Þá fer línustæði, skv. tillögum Landsnets, um svæði sem njóta ýmissa stiga friðunar. Hins vegar er það mat stofnunarinnar að línulögnin ógni ekki ferskvatnsöryggi á svæðinu.

Orkustofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við efnistöð skýrslunnar varðandi raflínur.

Þeistareykjavirkjun

Leyfi Orkustofnunar þarf til að reisa og reka raforkuver, sem er með 1 MW í uppsettu afli eða meira. Orkustofnun hefur bent á nokkur atriði varðandi fyrirhugaða nýtingu jarðvarma fyrir Þeistareykjavirkjun ásamt því hvaða gögn þurfi að fylgja með umsókn um virkjunarleyfi, þegar þar að kemur, sbr. bréf stofnunarinnar til Skipulagsstofnunar, dags. 4. júní sl.

Orkustofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við efnistöð skýrslunnar varðandi virkjanir.

Álver á Bakka

Orkustofnun gerir ekki athugasemdir við efnistöð frummatsskýrslunnar er varða álver á Bakka við Húsavík.

Virðingarfyllst,



Ívar Þorsteinsson
verkefnisstjóri



Lárus K. Ólafsson
yfirlögfræðingur

11. júní 2010

Efni: Háspennulínur frá Kröflu og Peistareykjum að Bakka við Húsavík og jarðstrengur frá Bjarnarflagi að Kröflu.

Landgræðslu ríkisins hefur borist erindi Skipulagsstofnunar, dags. 19. maí sl., þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frummatsskýrslu vegna ofangreindra framkvæmda. Athugasemdir Landgræðslunnar miðast við að lögum um landgræðslu nr. 17/1965 sé fylgt, en þau taka m.a. til verndunnar gróðurs og jarðvegs, græðslu eyddra og vangróinna landa og sjálfbærrar landnýtingar.

Landgræðslan hefur áður gefið umsögn um ofangreindar framkvæmdir í bréfi til Skipulagsstofnunar, dags. 9. október 2009 og ítrekar þau sjónarmið sem þar koma fram, eftir því sem það getur átt við. Í þeirri frummatsskýrslu sem hér er til umræðu segir á bls. 61 í kaflanum um hugsanlegan veg frá Bæjarfjalli að Kísilvegi: „*Ef þess er gætt að leirhverasvæði vestan Bæjarfjalls raskist ekki og að hugsanlegur vegur fari ekki inn á þau þarf ekki að grípa til sérstakra mótvægisáðgerða*“. Þó ekki sé alveg ljóst hvers vegna ekki þurfi að grípa til mótvægisáðgerða vegna gróðurröskunnar ef vegurinn hefur ekki áhrif á umrætt hverasvæði, er ljóst að lagning vegar hefur áhrif á gróður, bæði vegna jarðrasks við vegarlagninguna og vegna þess gróna lands sem undir veginn fer. Landgræðslan telur því að í frummatsskýrslunni þurfi að koma fram hvernig endurheimta eigi það gróna land, eða ígildi þess, sem tapast við framkvæmdina.

Landgræðslan ítrekar að þær framkvæmdir sem hér um ræðir eru fyrirhugaðar á einu virkasta rofsvæði landsins þar sem jarðvegur er fokgjarn og úrkoma lítil. Það er því sérstök ástæða til að gæta ítrustu varfærnin við allt rask á gróðri og jarðvegi og vanda allan frágang eftir framkvæmdir eins og kostur er. Landgræðslan leggur ennfremur áherslu á að allur gróður sem tapast eða raskast vegna þessara framkvæmda, verði bættur með mótvægisáðgerðum sem miðist við að a.m.k. jafnmikið gróðurlendi verði endurheimt og að sú endurheimt verði sem líkust þeim gróðri sem tapaðist og sem næst þeim stað eða stöðum þar sem jarðrask átti sér stað.

Landgræðslan gerir ekki frekari athugasemdir við þá frummatsskýrslu sem fyrir liggur og biðst velvirðingar á að umsögn þessi er send eftir að umsagnarfrestur er liðinn.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslu ríkisins,

Guðm. Stefánsson
sviðsstjóri

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Ytri – Tungu, 12. júní 2010

EFNI: Úrdráttur úr fundargerð hreppsnefndar Tjörneshrepps 12. júní 2010

1 Álit endurskoðanda

Kynnt álit endurskoðanda vegna samþykktar hreppsnefndar frá 22. maí 2010

2 Umsögn um frummatsskýrslu

Umsögn um frummatsskýrslu Álvers Alcoa á Bakka og háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka. Eftirfarandi umsögn samþykkt samhljóða:

„Hreppsnefnd Tjörneshrepps telur frummatsskýrslu vegna Álvers Alcoa á Bakka engan veginn fullnægjandi til glöggvunar á þeim atriðum sem afdrifaríkust eru fyrir næsta nágrenni verksmiðjunnar. Þannig er loftdreifingarspá ekki byggð á traustum gögnum úr vísindalegum rannsóknum heldur mati á líkindum út frá reynslu og reiknuðu meðaltali frá álbræðslum á ýmsum öðrum stöðum. Á sama hátt er útilokað að meta sjónræn áhrif af framkvæmdunum þegar um er að ræða mannvirki, sem enn hafa ekki verið hönnuð, og þar af leiðandi verður að líta svo á að tilraunir framkvæmdaaðila til að sýna þau á myndum séu marklausar með öllu.“ Þá var svohljóðandi umsögn vegna frummatsskýrslu á háspennulínunum frá Kröflu og Þeistareykjum einnig samþykkt:

„Hreppsnefnd Tjörneshrepps lýsir áhyggjum vegna þeirra neikvæðu sjónrænu áhrifa sem háspennumannvirkin gætu haft á ferðamennsku og útivist í næsta nágrenni við Bakka“

Fleira ekki bókað fundargerð samþykkt, fundi slitið kl. 14⁴⁵

Virðingarfyllt

Jón Heiðar Steinþórsson



Þingeyjarsveit

590602-2640
Kjarna - 650 Laugar
Sími: 464 3322 – Bréfsími: 464 3422
thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is
www.thingeyjarsveit.is

Laugum 24. júní 2010

Skipulagsstofnun
Póroddur F. Póroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Efni: Umsagnir um matsáætlanir

Þingeyjarsveit tók til meðferðar erindi stofnunarinnar þar sem óskað er umsagnar Þingeyjarsveitar vegna matsskýrslna um:

- a) Sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum álvers á Bakka við Húsavík, Þeistareykjavirkjunar, Kröfluvirkjunar II og háspennulínu frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík.
- b) Þeistareykjavirkjun allt að 200 MWe jarðhitavirkjun í Þingeyjarsveit og Norðurþingi.
- c) Háspennulínu frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík og jarðstrengur frá bjarnaflagi að Kröflu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við erindin eins og fram kemur í meðfylgjandi bókun sveitarstjórnar þann 24.06.10.

„Umsagnir um frummatsskýrslur í tengslum við orkunýtingu á Þeistareykjum:

Tekin fyrir erindi Skipulagsstofnunar þar sem óskað er umsagna um frummatsskýrslur um sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum álvers á Bakka við Húsavík, Þeistareykjavirkjunar, Kröfluvirkjunar II og háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík og frummatsskýrsla um Þeistareykjavirkjun allt að 200 MWe jarðhitavirkjun í Þingeyjarsveit og Norðurþingi og frummatsskýrsla um háspennulínur frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík og jarðstrengur frá Bjarnaflagi að Kröflu.

Sveitarstjórn telur ekki tilefni til að gera athugasemdir við framangreindar frummatsskýrslur.“

Virðingarfyllst;

Tryggvi Harðarson
Sveitarstjóri Þingeyjarsveitar

Efni: Háspennulínur frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík og jarðstrengur frá Bjarnarflagi að Kröflu.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar frá 27. apríl sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum vegna lagningu háspennulína frá virkjunum í Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík.

Áformað er að leggja háspennulínur frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík. Valkostur 1 gerir ráð fyrir tengivirki á Hólasandi þar sem línur er skipt í Hólasandslínu 1 og Hólasandslínu 2. Hólasandslína 1 liggur vestan Lambafjalla að Bakka en lína 2 liggur að Þeistareykjum þar sem við tekur Þeistareykjalína 1 og sameinast línustæði Hólasandslínu 1 13 km áður að línurnar ná Bakka.

Valkostur 2 gerir ráð fyrir samsíða línur alla leið sem liggja eins og Hólasandslína 2 og Þeistareykjalína 1.

Enn fremur er fyrirhugað að leggja jarðstreng frá fyrirhugaðri virkjun í Bjarnarflagi að Kröflu.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir frummatsskýrsluna.

Almennt

Umhverfisstofnun telur að fullyrðingin um að lagning háspennulínu sé ekki háð því að vegur verði byggður frá Bæjarfjalli að Kísilveg standist ekki því lagning slóða á svæðinu gengur út frá því að sá vegur sé til staðar. Stofnunin telur að vegurinn sé hluti af framkvæmdinni óháð því hver veghaldari er, því nauðsynlegt er að hafa aðkomuveg að línustæðum Hólasandslínu 2 og Þeistareykjalínu 1.

Stofnun bendir á að í skýrslunni er ekki gerð grein fyrir skilgreiningum bak við vægi umhverfisþátta (bls. 88) og ekki kemur fram hvort og þá hvaða frávik eru frá leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um mat á vægi þeirra.

Umhverfisstofnun telur að hlutfall þess flatarmáls landsheildar eða jarðmyndunar sem skerðist við efnistöku, lagningu vegar og slóða og byggingu mastra sé alls ekki einhlítur mælikvarði á umfang umhverfisáhrifa, heldur verði að meta hvernig viðkomandi inngríp hefur áhrif á ákveðna landlagsheild og jarðmyndun. Lítið inngríp að flatarmáli getur haft mikil áhrif á heildarmynd umhverfis og jarðmyndunar.

Stofnun telur að taka verði tillit til hvort skerðing er í útjaðri jarðmyndarinnar, eða hvort hún brýtur niður heildarmynd viðkomandi svæðis.

Umhverfisstofnun tekur undir að valkostur 2 sé líklegur til að hafa meiri neikvæð umhverfisáhrif en valkostur 1 þar sem á fyrrnefndi þrengir enn meir að Þeistareykjasvæðinu en valkostur 1.

Efnisþörf og efnistaka:

Í frummatsskýrslunni eru sýndar 27 námur/efnistökustaðir (mynd 2.11) en einungis er fjallað um 12 í skýrslunni. Ekki verður séð á umfjölluninni hvort efnistaka verður fyrst og fremst úr þessum

tólf námum eða hvort allir 27 staðirnir eru undir. Umhverfisstofnun gerir sér grein fyrir að erfitt getur verið að setja fram nákvæma efnistökuáætlun svo snemma í ferlinu. Stofnun telur hins vegar eðlilegt að taka fram hvaða námur á að opna og síðan loka í tengslum við þessa framkvæmd, einnig hvaða opnum námum er stefnt að loka þegar framkvæmdinni lýkur og úr hvaða námum takmarkist efnistaka við það lokun og frágang viðkomandi námu og má þar t.d. benda á námu ÞRN-2. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal liggja fyrir áætlun námurétthafa um væntanlega efnistöku áður en leyfi er veitt til náms jarðefna. Þar skal tilgreint m.a. gerð efnis og magn sem tekið er, vinnslutíma og frágangur á efnistökusvæði. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með efnistöku á landi.

Í skýrslunni kemur fram að efnisþörf fyrir slóðir og plön séu um 250.000m³. Sú tala innifelur ekki efnisþörf vegna vegalagningar frá Bæjarfjalli að Kísilvegi (kaflí 3). Umhverfisstofnun telur að sú vegalagning sé hluti af framkvæmdinni. Umhverfisstofnun telur að fullyrðingin um að lagning háspennulínu sé ekki háð því að þessi vegur verði byggður standist ekki því ekki er lögð fram önnur tilhögun varðandi lagning slóða á þessu svæði. Stofnun telur að ef svo væri þá hefði þurft að gera grein fyrir byggingu aðkomuvegar að línustæðum fyrir Hólasandslínu 2 og Þeistareykjalínu 1 og slóðagerð samræmi við það. Samkvæmt þessu er heildar efnisþörf framkvæmdarinnar allt að 610.000 m³ og þar af rúm 80.000 úr skeringum (leið A).

Umhverfisstofnun telur að ekki sé hægt að gera ráð fyrir að slóðir í Leirhnjúkshrauni verði minni um sig vegna þess að notuð eru minni tæki við línulögn en rannsóknarborun (kaflí 2.6 bls. 40). Engin víska er fyrir því að sá verktaki sem verkið fær hafi til umráða minni tæki. Í ljósi þessa telur stofnunin rétt að gera ráð fyrir a.m.k. sama umfangi og núverandi slóð hefur og að framkvæmdin muni hafi talsverð neikvæð og óafturkræf áhrif á Leirhnjúkshraunið.

Landslag og ásýnd

Umhverfisstofnun telur að gildi landslagsheildarinnar Hlíðarfjall sé meira en skýrslan gerir ráð fyrir (mynd 7.2 og tafla 7.1) einkum í ljósi þess að það er hluti af ósnortnu víðerni. Enn fremur telur stofnunin að það sé ekki einvörðungu landslagsheildin Þeistareykir sem verður fyrir verulega neikvæðum áhrifum það gildi einnig um landslagheildirnar Leirhnjúkshraun og Hlíðarfjall.

Gróður.

Í úttekt Náttúrfræðistofnunar Íslands kemur fram að nyrst, um það bil 2 km frá Bakka, séu tvö umtalsverð votlendi sem séu þau einu sem fundust á línuleiðinni. Umhverfisstofnun tekur undir álit Náttúrfræðistofnunar Íslands um að þar sem lítið er um votlendi á þessu svæði sé ríkari ástæða en ella að raska þeim ekki.

Innan orkuvinnslusvæðisins vestan við Þeistareyki og á fyrirhugaðri leið Hólasandslínu 2 er hverasvæði sem nefnist Hitur. Þetta svæði hefur að mati Náttúrfræðistofnunar Íslands mjög hátt verndargildi, en það er óvenju stórt samfellt og lítt raskað hverasvæði með fjölda leirhvera. Rétt norðan við Hitur innan áhrifasvæðis línunnar er einn af fundarstöðum naðurtungu sem er á válista.

Umhverfisstofnun tekur undir þá skoðun að hverasæðið við Hitur hafi hátt verndargildi og því eigi að forðast alla röskun á því svæði og þar af leiðandi reisa möstur utan þess.

Umhverfisstofnun tekur undir nauðsyn þeirrar mótvægisáðgerðar að möstur verði ekki reist þar sem hveraleir er fyrir, en einnig verði að tryggja að umferð um svæðið raski því ekki. Enn fremur

tekur stofnunin undir mikilvægi þess að fengnir verði sérfræðingar til að merkja þá staðir þar sem jurtir á valista vaxa og séð verði til þess að þau svæði raskist ekki við framkvæmdina.

Fuglar.

Framkvæmdirnar munu hafa í för með sér missi á varplendum en um algengar mófuglategundir er að ræða og varpþéttleiki yfirleitt ekki hár. Umhverfisstofnun tekur undir álit Náttúrustofu Norðausturlands að áhrif á varplendur mófugla muni ekki verða teljandi.

Á Þeistareykjasvæðinu eru þekkt bæði hrafn- og fálkaóðul. og er hætta á truflun bæði vegna framkvæmdar og umferðar. Reynslan hefur sýnt að þrátt fyrir að háspennulínur liggja sums staðar nærri varpstöðum fálka virðist það ekki hafa áhrif á búsetu þeirra á viðkomandi varpstöðum. Verði framkvæmdir ekki nærri hreiðrum á varptíma, ættu áhrif á fálkavarp að vera óveruleg. Umhverfisstofnun telur mjög mikilvægt að slíku verklagi verði fylgt við framkvæmdina .

Ferðaþjónusta og útitvist.

Umhverfisstofnunin tekur undir það sjónarmið að framkvæmdin muni hafa talsverð neikvæð áhrif á *náttúruferðamennsku*. Stofnunin bendir á að þó að aðgengi að svæðum opnast þá er það á forsendum framkvæmdarinnar og uppbyggingar á svæðinu og því þyrfti að vega saman aukið aðgengi og hvort ferðamenn eru að sækast eftir að komast í mannert eða náttúrulegt umhverfi. Þar sem flestir ferðamenn sem um viðkomandi svæði fara aðhyllast *náttúruferðamennsku* telur stofnunin að heildaráhrifin verði talsvert neikvæð fyrir ferðamennsku.

Jarðstrengur frá Bjarnarflagi að Kröflu.

Lagning jarðstrengs samkvæmt kosti E2 mun hafa veruleg staðbundin áhrif á gróður, en ekki á friðaðar plöntur eða plöntur á valista. Umhverfisstofnun telur að með þeim mótvægisáðgerðum sem lagðar eru til muni heildar umhverfisáhrif vegna lagningu jarðstrengs verða innan ásættanlegra marka

Niðurstaða.

Umhverfisstofnun telur að lagning háspennulína frá Kröflu um Hólasand og Þeistareyki valdi talsvert neikvæðu og óafturkræfu raski á Leirhnjúkshrauni og einnig talsvert neikvæð sjónræn áhrif á Þeistareyki og Hlíðarfjall.

Stofnunin telur mikilvægt að hverasvæðinu Hitur verði ekki raskað og að vaxtarstaðir plantan á valista verði merktir svo hægt sé að komast hjá raski á búsvæði þeirra. Verði framkvæmdir ekki nærri hreiðrum fálka á varptíma, telur stofnunin að áhrif á fálkavarp ættu að vera óveruleg.

Umhverfisstofnun telur eðlilegt að fram komi hvaða námur á að opna og síðan í tengslum við þessa framkvæmd, einnig hvaða opnum námum er stefnt að loka þegar framkvæmdinni líkur og úr hvaða námum takmarkist efnistaka við frágang viðkomandi námu.

Með vísan til framangreinds telur Umhverfisstofnun að lagning háspennulína frá virkjunum í Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllst

Ólafur A Jónsson

26. júní 2010

Með bréfi dags. 27. apríl sl. fékk Veðurstofa Íslands til umsagnar mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar við háspennulínur frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík og við jarðstreng frá Bjarnarflagi að Kröflu.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Í frummatsskýrslunni eru ekki sýndar hönnunarforsendur vegna veður-, snjó-, og ísingarlags né vitnað í rök fyrir þeim.

Hvergi er fjallað um almenn veðurskilyrði sem e.t.v. gætu fallið undir grunnástand (bls. 89).

Í kafla 8 Náttúruvá (bls. 171) er sagt að neikvæð áhrif geti orðið á línur og tengd mannvirki vegna veðurlags, snjóalags og ísingar. Engar upplýsingar eru um hvernig komist var að þessari niðurstöðu né hvað neikvæð áhrif þýði (t.d. mikil eða lítil). Um þessi áhrif er fjallað í þremur línur. Ítarlegri umfjöllun er um eldgosavá og jarðskjálftavá.

Engin skjöl um þessi efni voru á disklingi sem fylgdi frummatsskýrslunni.

Veðurstofan vann hámarksvindálagsstuðla fyrir línurnar og birti árið 2008 í greinargerðinni *Veðurfarslegar álagsforsendur á raflínur*.

Ekki er getið við hve miklum snjóþyngslum og ísingu má búast við á svæðinu né hvort þessara upplýsinga var aflað.



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Skipulagsstofnun
Laugavegur 166
150 Reykjavík

Mývatnssveit, 12. júlí 2010.

Efni: Bréf Skipulagsstofnunar dags. 27. apríl.

Umsögn vegna háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík og jarðstrengs frá Bjarnarflagi að Kröflu.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps gerir ekki athugasemd við framkomna frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar þar sem hún samræmist staðfestu Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025.

Umsögn um Kröfluvirkjun II.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps gerir ekki aðra athugasemd við framkoma frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum Kröfluvirkjunar II, en þá að á borsvæði F, austan Vítis verði farið með sérstakri varúð og borsvæðið ekki stækkað meira en algjör nauðsyn er.

Umsögn um sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum álvers á Bakka við Húsavík, Þeistareykjavirkjunar, Kröfluvirkjunar II og háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps gerir ekki athugasemd við framkomna frummatsskýrslu ofangreindrar framkvæmdar.

Beðist er velvirðingar á hversu seint erindunum er svarað.

Bestu kveðjur,

Guðrún M. Valgeirsdóttir, sveitarstj.

Reykjavík
11 júní 2010

1
Bæfi



Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150, Reykjavík

Efni:

Athugasemdir vegna tillagna á framkvæmdum Kröfkuvirkjunar II, Þeistreykjavirkjun, háspennulínur frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka (fyrirhugað álver) Auglýst þann 30.4.2010 – Mat á umhverfisáhrifum.

Ábúendur og eigendur jarðanna **Skarðaborgar, Skarða og Einarstaða** í Reykjahverfi Húsavík (hér eftir nefndir „athugasemdaraðilar“) gera alvarlegar athugasemdir í ljósi tillagna um ofangreindar framkvæmdir og þó einkum að tillögu um lagningu háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka. Sömu athugasemdir voru sendar, frá athugasemdaraðilum, þeim er málið varðar vegna breytingu á aðalskipulagi Húsavíkurbæjar.

Ljóst er að ekki verður hjá því komist að leggja háspennulínur, vegi og framkvæma efnistöku vegna fyrirhugaðra byggingu álvers á Bakka. Vegir og háspennulínur munu verða lagðar í landi ofangreindra jarða samkvæmt auglýstri tillögu. Sumar af þeim framkvæmdum eru óendurkræfar og aðrar munu standa um ókomna framtíð. Af þeim sökum verður að hafa í huga að slíkar framkvæmdir valdi sem minnsti sjónmengun, spillingu á náttúru og gróðri eða á anna hátt rýri verðmæti jarða.

- **Þeistareykjalína: Athugasemd**

Athugasemmdaraðilar gera alvarlega athugasemd við lagningu línunnar yfir Jónsnípu og niður í Árnahvamm, eins og núverandi tillaga gerir ráð fyrir. Athugasemmdaraðilar leggja til að línan verði lögð austan Höfuðreiðarmúla til norðurs. Línan þaðan lögð til vesturs, norðan Höfuðreiðarmúla í beina stefnu sem næst suðubökkum Höskuldsvatns og samhliða fyrirhuguðu vegstæði því sem fram kemur á aðalskipulagi Húsavíkurbæjar. Við vesturenda Höskuldsvatn verði línan lögð til norð-vesturs samkvæmt auglýstri tillögu.

Sú línulögn sem fyrirhuguð er samkvæmt auglýstri tillögu telja athugasemmdaraðilar að valdi mun meiri sjónmengun (lögð hátt í landið yfir Jónsnípu) en sú tillaga sem athugasemmdaraðilar leggja til. Auk þess muni hún valda mikilli spillingu á ásýnd landsins þar sem hún liggur úr Árnahvammi til vesturs að Höskuldsvatni.

- **Hólasandslína 1: Athugasemdir**

Athugasemmdaraðilar gera alvarlegar athugasemdir við lagningu Hólasandslínu 1 samkvæmt auglýstri tillögu. Athugasemmdaraðilar leggja til að frá þeim stað þar sem línan kemur að Kópaskerslínu vestan Lambafjalla, samkvæmt auglýstri tillögu, verði Hólasandslína 1 lögð samhliða Kópaskerslínu norður að norðurenda Höfuðreiðarmúla en þar verði hún lögð til vesturs samhliða Þeistareykjalínu eins og athugasemmdaraðila gera tillögu um. (*sjá Þeistareykjalína: Athugasemdir*).

Með lagningu Hólasandslínu 1 eins og auglýst tillaga gerir ráð fyrir, mun línan vera lögð yfir viðkvæman gróður, en á löngu tímabili hafa verið lagðir miklir fjármunir og vinna í að rækta upp og viðhalda gróðri á því landi sem línan mun liggja yfir. Einnig mun verða mikil sjónmengun af fyrirhugaðri lagningu hennar vegna landfræðilegra aðstæðna. Þar sem lagning línunar er það vestalega mun sjónrænn sýnileiki hennar verða mikill frá öllu nærlandi jarðanna.

- **Niðurlag.**

Athugasemdaraðilar gera alvarlegar athugasemdir við auglýsta tillögu. Í tillögunni er ekki gætt nægjanlega að umhverfussjónarmiður, gróðurfarslega eða sjónrænna. Athugasemdaraðilar hafa kynnt sér öll þau gögn sem liggja að baki auglýstri tillögu. M.a. má benda á gögn er snúa að sýnileika línanna. Þau gögn sýna að sýnileikinn verður mikill þó aðeins sé farið stutta vegalend til austurs frá bæjarstæði. Taka verður tillit til að starfsumhverfi og gæði jarða er bundið við ræktuð túna og nánasta fjærumhverfi.

Með auglýstri tillögu er gert ráð fyrir enn frekara vef raflína á Reykjaheiði sem hægt væri að koma í veg fyrir. Með athugasemdum þessum er einnig lagðar fram tillögum um lagningu línanna. Athugasemdaraðilar telja að með þeim tillögum megi koma meira í veg fyrir þann skaða sem af lagningu þeirra muni hljótaskast.

- Mun minni sjónmengur
- Minna land lagt undir raflínustæði
- Minni vefur raflína á litlu svæði
- Minni gróðurskaði.

Athugasemdaraðilar gera að fullu kröfu til þess að athugasemdir þeirra séu teknar til greina við endanlega niðurstöður málsins.

Skarðaborg:

Sigurður Ágúst Þórarinsson

Helga Helgadóttir

Skörð

Þórarinn R Jónsson

Ragnheiður Jónsdóttir

Þuríður Jónsdóttir

Einarsstaðir

Jón Björnsson

Fyrir hönd ofangreindra aðila


Ragnar Þór Arnason

Grýtubakki 22

109 Reykjavík

Sími: 8988991

Birkir Fanndal Haraldsson
091140 4119
Sólgörðum
660 Mývatnssveit



Til:
Skipulagsstofnun
Laugavegi 165
150 Reykjavík

Athugasemd við skýrslu Landsnets – númer 10012

Í skýrslunni koma fram áform um jarðstrengi frá fyrirhugaðri virkun vestan undir Námafjalli í Skútustaðahreppi, að þeir verði lagðir um Námaskarð samhliða vatnsveitu Skútustaðahrepps austur á Hlíðardal og síðan með Kröfluvegi út að Kröflustöð.

Þetta eru að mínum dómi afar gagnrýniverð áform og slæm staða sem kemur upp vegna óheppilegs vals á virkjunarstaðnum sjálfum. Með virkjun staðsetta norðan vegar nyrst í Bjarnarflagi hefði þessu staða ekki komið upp og sjónræn áhrif öll orðið margfalt minni heldur en nú stefnir í að verði. (sbr.athugasemd mín við staðarvalið á sínum tíma)

Hraunið á Hlíðardal er gersemi, með alveg einstakri öldumyndun, sem líkist haföldum. Það á skilið að varðveitast án frekari stóringripa vinnuvéla. Tvöföldun á núverandi vegstæði mun hér valda óbætanlegu tjóni. Hraunið er ekki breitt og þolir ekki frekari skerðingu en vegurinn þegar hefur valdið. Fyrirhuguð framkvæmd norður dalinn þó reynt verði að halda sig nærri Kröfluvegi mun breikka núverandi vegstæði amk um helming.

Jarðstrengjalagnir valda meiri og varanlegri landspjöllum heldur en loftlínur. Þrengsli í Námaskarði og nálægð við vatnslögnina þar gera verkið flókið og draga úr rekstraröryggi vatnsveitunnar. Strenglagnir um jarðhitasvæði vestan fjallsins eru einnig vandasamar og líklegar til að gera rekstur fyrirhugaðra jarðstrengja erfiðan.

Þegar kynnt var tillaga á sínum tíma um staðsetningu virkjunar í Bjarnarflagi og hún afgreidd, þá voru þessi áform aldrei borin fram sem hluti virkjunarverkefnisins heldur var alltaf talað um lagnir í lofti eða jörð vestan Dal fjalls.

Sigurður Þórarinnsson jarðfræðingur mun hafa vakið athygli á sérstöðu þessarar hraunbreiðu fyrstur manna fyrir mörgum áratugum. Mér hefur ekki tekist nú að finna grein hans um þetta hraun. Því er nú verr og miður.

Sólgörðum, 12.Júní 2010

Birkir Fanndal Haraldsson

A large, stylized handwritten signature in black ink, appearing to read 'Birkir Fanndal'.

Umsögn um frummatsskýrslu Álvers Alcoa á Bakka

Við teljum frummatsskýrslu vegna Álvers Alcoa á Bakka engan veginn fullnægjandi til glöggvunar á þeim atriðum sem afdrifaríkust eru fyrir næsta nágrenni verksmiðjunnar. Þannig er loftdreifingarspá ekki byggð á traustum gögnum úr vísindalegum rannsóknum heldur mati á líkindum út frá reynslu og reiknuðu meðaltali frá álbræðslum á ýmsum öðrum stöðum. Á sama hátt er útilokað að meta sjónræn áhrif af framkvæmdunum þegar um er að ræða mannvirki, sem enn hafa ekki verið hönnuð og staðsett, og þar af leiðandi verður að líta svo á að tilraunir framkvæmdaáðila til að sýna þau á myndum séu marklausar með öllu.

Þess vegna teljum við að búrekstur muni leggjast af á Héðinshöfða ef af framkvæmdum verður og sennilega öll búseta.

Háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka.

Háspennulínurnar munu samkvæmt áætlun liggja meðfram suðurhlíð jarðarinnar Héðinshöfða og í verulegri nánd við landamerki hennar. Frá háspennulínunum að Bæjarhúsum jarðarinnar virðist fjarlægðin var rúmlega 1 km.

Vegna þessarar nándar munu háspennulínurnar vera mjög áberandi í landslaginu séð frá jörð okkar. Háspennulínurnar rísa bæði hátt og eru umfangsmiklar og kalla því á athygli. Ekki er vafi á að þetta rýrir varðgildi jarðarinnar Héðinshöfða eins og notum hennar er háttáð og eins og fyrirhuguð not hennar eru.

Ætla má að af háspennulínunum verði nokkur hávaði sem berist heim að bæjarhúsum við Héðinshöfða. Einnig verður slíkur hávaði til verulegra бага og óhagræðis.

Meðan á framkvæmdum stendur má búast við allnokkru moldroki alla leið að bæjarhúsum við Héðinshöfða, þar sem jarðvegurinn verður opnaður og ekki græddur strax. Sama mun leiða af vegagerð meðfram línusvæðinu.

Meðan á framkvæmdum stendur má ætla að verulegur hávaði verði af þeirri vélavinnu og annari vinnu sem óhákvæmileg er vegna línulagnarinnar og vegagerðarinnar.


Með hliðsjón af framkvæmdum teljum við óhjákvæmilegt að háspennulínurnar verði lagðar í jörð á þeim kafla sem þær liggja meðfram jörðinni Héðinshöfða. Tengivirki þetta hlýtur að verða afar umfangsmikið og áberandi í umhverfinu, það mun blasa við frá bæjarhúsinu að Héðinshöfða og verða til mikilla lýti vegna sjónmengunnar. Þá er líklegt að önnur neikvæð áhrif fylgi slíku spellvirki. Bæði frá tengivirkinu og háspennulínunum kunna að stafa raföldur sem ef til vill hafa neikvæð áhrif á dýr og menn í grendinni. Staðsetning tengivirkisins er því sérstaklega mótmælt

Við áskiljum okkur rétt til skaðabóta, bæði vegna tjóns á framkvæmdartímanum og vegna varanlegst tjóns á verðmætum jarðarinnar Héðinshöfða eins og að framan er lýst.

Jónas Jónasson, Rósa Kjartansdóttir Héðinshöfða 2 Tjörneshreppi.

Kolbrún
Sigurjónsdóttir/skipulag
14.06.2010 08:32

To Rut Kristinsdóttir/skipulag@skipulag
cc Sigurður Ásbjörnsson/skipulag@Skipulag
bcc
Subject Fw: Athugasemd vegna sameiginlegs mats á umhverfisáhrifum álvers við Bakka og tengdum framkvæmdum

History:  This message has been forwarded.

Kv. Kolbrún

----- Forwarded by Kolbrún Sigurjónsdóttir/skipulag on 14.06.2010 08:32 -----



arnthrudur dagsdottir
<dittadags@hotmail.com>
13.06.2010 23:44

To <skipulag@skipulag.is>
cc
Subject Athugasemd vegna sameiginlegs mats á umhverfisáhrifum álvers við Bakka og tengdum framkvæmdum

Skipulagsstofnun
Laugarvegi 166
150 Reykjavík

Athugasemd við sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum álvers á Bakka við Húsavík, Þeistareykjavirkjunar, Kröfluvirkjunar II og háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík.

Þegar auglýst var tillaga um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 31. ágúst 2007 gerðum við undirrituð eftirfarandi athugasemd:

„Í tillögunni er gert ráð fyrir því að flutningslína frá Þeistareykjum verði ekki samhliða vegi til Húsavíkur heldur yfir Jónsnípúskarð, Ef farin er þessi leið veldur það verulegri óþarfa röskun á landi og sjónræn áhrif á landslag verða mikil. Það er alveg sérstaklega þegar farið er yfir fjallhryggi eins og þarna er gert sem línulögn er veruleg sjónmengun. Við teljum óþarft að fara þessa leið og leggjum til að leið A1C milli Höfuðreiðarmúla og Sæluhúsmúla verði farin. Einnig viljum við benda á að lína A1C er í betra skjóli en lína sem liggur yfir Jónsnípúskarð sem er verulega áveðra og þvert á ísingarveðuráttir.“ *Livur*

Svar samvinnunefndar um svæðisskipulag háhitasvæða var eftirfarandi:

„Ítrekaður er rökstuðningur í kafla 5.2.3. (bls 82) um leiðaval fyrir flutningslínur raforku. Nefndin leggur ekki mat á það hvor leiðin hafi í för með sér meiri sjónræn áhrif en flutningslína um Jónsnípúskarð er um 1,3 km styttri en lína norður fyrir Höfuðreiðarmúla. Samvinnunefndin fellst ekki á að breyta skipulagstillögunni.“

Þegar auglýst voru drög að tillögu að matsáætlun um háspennulínur frá Kröflu og Þeistareykjum að

Bakka við Húsavík gerðum við undirrituð eftirfarandi athugasemd:

Undirrituð gera athugasemd við það að í tillögu að matsáætlun um háspennulínur frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík er ekki gert ráð fyrir samanburði framkvæmdakosta. Í 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. kemur fram að gera skuli grein fyrir öðrum möguleikum sem til greina koma. Undirrituð telja að nauðsynlegt sé að borin verði saman umhverfisáhrif annars vegar kosts Ab þar sem áætlað er að fara með línu yfir Jónsnípuskarð og hins vegar samkvæmt leið A1C í tillögu að svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025. Sú leið liggur milli Höfuðreiðarmúla og Sæluhúsmúla en þar er hún samhliða vegi frá Þeistareykjum til Húsavíkur.

Í umhverfismati fyrrnefnds svæðisskipulags var ekki gerður jafn ítarlegur samanburður á fyrirliggjandi kostum eins og mögulegt er að gera í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda. Telja undirrituð að forsendur umhverfisskýrslu svæðisskipulags séu ekki nægilegar til að hafna leið A1C. Þannig hafi sem dæmi ekki verið lagt mat á sjónræn áhrif leiðarinnar í samanburði við aðrar leiðir (samkvæmt bókun svæðisnefndar).

Línuleið yfir Jónsnípuskarð hefur í för með sér óþarfa vegagerð um óraskað land, auk þess sem um veruleg neikvæð sjónræn áhrif er að ræða þegar lína er lögð yfir fjallshrygg eins og þarna er gert.

Enn fremur fara undirrituð fram á að kostnaður þessara tveggja fyrrnefndu leiða verði borinn saman því að þó að leið Ab sé styttri en A1C er ekki víst að hún sé ódýrari. Verði í því sambandi m.a. tekið tillit til kostnaðar vegna Ísingarhættu sem sennilega er talsvert meiri á leið Ab en A1C.

Samantekt:

Við óttumst að ekki verði gerður samanburður á línuleiðum yfir Jónsnípuskarð eða norðan Höfuðreiðarmúla þar sem búið er að samþykka línustæði í aðalskipulagi. Í svari við athugasemd sem undirrituð gerðu við tillögu samvinnunefndar um svæðisskipulag háhitasvæða er sérstaklega tekið fram að nefndin taki ekki afstöðu til áhrifa sjónmengunar vegna mismunandi línuleiða. Aðalatriðið í mismuni á þeim tveim línuleiðum sem koma til álita er að þegar farið er yfir Jónsnípuskarð þarf að leggja um 5 km langan línuveg í óröskuðu landi auk þess sem sjónmengun af sjálfri raflínunni er mun meiri þegar hún liggur yfir fjallshrygg eins og þarna er áætlað. Línuleiðin norðan Höfuðreiðarmúla er á sléttu landi og samhliða framtíðarvegi frá Þeistareykjum til Húsavíkur. Ísingarhætta og verri veður eru auk þess á leiðinni um Jónsnípuskarð að okkar áliti.

Í svari Landsnets og VGK-hönnunar við athugasemdum segir: „Samanburður mismundandi línuleiða hefur verið gerður í tengslum við gerð svæðisskipulags. Sjónræn áhrif verða metin og gerð skil í frummatsskýrslu.”

Við lestur frummatsskýrslu kemur í ljós að ekki hefur verið lögð nein vinna í að bera saman leið A1C og Ab í tillögu nefndar um svæðisskipulag háhitasvæða. Sjónræn áhrif eru aðeins skoðuð vegna leiðarinnar um Jónsnípuskarð en enginn samanburður gerður við leið samhliða virkjunarvegi.

Þegar fyrstu hugmyndir voru mótaðar um háspennulínur frá Þeistareykjum að Bakka við Húsavík var alltaf gert ráð fyrir því að raflína og virkjunarvegur yrðu sem mest samhliða. Þegar Landsnet kemur að málinu gera forsvarsmenn þess kröfu um að frá þessu verði horfið og línun lögð um Jónsnípuskarð. Þessi leið er um 1,3 km styttri en ef farið er milli Höfuðreiðarmúla og Sæluhúsmúla eins og fyrirhugaður virkjunarvegur gerir ráð fyrir.

Samantekt

Leiðin um Jónsnípuskarð liggur um 7 km leið um ósnortið land, að stórum hluta yfir háan fjallshrygg þar sem línumöstur og línuvegir munu blasa við. Stytting háspennulínu um 1,3 km réttlætir ekki þessa miklu röskun og á ekki rétt á sér.

Einnig mótmælum við þeim vinnubrögðum framkvæmdaraðila að bera ekki saman í frummatsskýrslu þessa tvo kosti.

Við óskum þess einnig að framkvæmdaraðili hafi í huga markmið laga nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda (1. gr. b): *að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar*. En lega línu meðfram virkjunarvegi er klárlega kostur sem getur dregið úr neikvæðum umhverfisáhrifum umræddrar framkvæmdar.

Haga 13.06.2010

Dagur Jóhannesson, Haga
Bóndi og fyrrverandi oddviti Aðaldælahrepps
Kt:260337-2039

Arnþrúður Dagsdóttir, Húsavík
Kennari
Kt:010477-4769

Your E-mail and More On-the-Go. Get Windows Live Hotmail Free. [Sign up now.](#)



Skipulagsstofnun.doc



réttur
Adalsteinsson & Partners

Skipulagsstofnun

Laugavegi 166

150 Reykjavík

Tölvupóstfang: skipulag@skipulag.is

Fax: 595 4165

Ragnor@rettur.is

14. júní 2010

Efni: Athugasemdir Indriða Úlfssonar, Héðinshöfða, við frummatskýrslu um álver Alcoa á Bakka við Húsavík í Norðurþingi.

Indriði Úlfsson, einn af eigendum jarðarinnar Héðinshöfða í Tjörneshreppi hefur falið mér að koma á framfæri við yður meðfylgjandi athugasemdum við framangreinda frummatsskýrslu um fyrirhugað álver á Bakka við Húsavík.

Virðingarfyllt,

Ragnar Adalsteinsson hrl.

14. júní 2010

Athugasemdir
Indriða Úlfssonar, Héðinshöfða 1,
við frummatsskýrslu um álver á Bakka við Húsavík

0. Inngangur

Jörðin Héðinshöfði í Tjörneshreppi liggur að mörkum hreppsins og sveitarfélagsins Norðurþings. Hús jarðarinnar, þar með hús Indriða Úlfssonar á Héðinshöfða 1, eru í næsta nágrenni við fyrirhugaða álverksmiðju og mun áhrifa hennar gæta með ýmsum hætti á hagsmuni eigenda Héðinshöfða. Allt bendir til að þar muni gæta neikvæðrar loftmengunar, hávaðamengunar og sjónmengunar og er þá átt við aðstæðurnar þegar álverið hefur hafð reglulega starfsemi sína. Áhrifin verða nokkur önnur en þó að ýmsu leyti alvarlegri á þeim tíma er framkvæmdir við byggingu verksmiðjunnar fara fram. Rétt er að minna á að enda þótt íbúðarhús Indriði Úlfssonar á Héðinshöfða 1 sé ekki í sama sveitarfélagi og hið fyrirhugaða álver, þá er fjarlægðin til álversins sýnu minni en fjarlægð byggðarinnar á Húsavík frá álverinu.

Af framangreindu er ljóst að fjölmargar ábendingar eru um að ókleift verði að búa áfram á verulegum hluta jarðarinnar Héðinshöfða vegna byggingar og reksturs álversins og muni því byggð þar leggjast af. Áhrifa álversins gætir fyrst og fremst á besta hluta jarðarinnar þar sem búsetan er. Af framangreindu er því ljóst að Indriði Úlfsson hefur verulegra og einstaklingsbundna hagsmuni af því að bygging og starfsemi álversins verði ekki heimiluð með þeim hætti sem lýst er í frummatsskýrslunni.

Verði frummatsskýrslan hins vegar lögð til grundvallar ákvörðun stjórnvalda um leyfi til byggingar og reksturs álversins áskilur Indriði Úlfsson sér sem eigandi Héðinshöfða 1 réttis til að krefja bæði íslenska ríkið, sveitarfélagið Norðurþing og eiganda álversins um fullar bætur fyrir allt það tjón sem hann verður fyrir af framangreindum ástæðum og er þá bæði átt við fjárhagslegt tjón og miska.

1. Staðsetning álvers á lóðinni.

Er fyrirhugað álver var kynnt í upphafi var gert ráð fyrir álverinu norður undir Reyðará eða við hreppamörk Norðurþings og Tjörneshrepps. Í frummatsskýrslunni er áætlað að færa það til suðurs og sagt á bls. 12, kafla 3,1, að það verði rúman kílómetra frá Húsavík. Í kafla 9,1 bls. 47 er talað um að lágmarksfjarlægð sé 1,25 kílómetri frá núverandi íbúðabyggð en um 1 kílómetri að skipulagðri byggð. Staðsetning álversins liggur því enn ekki fyrir og því hlýtur staðsetning þynningarsvæðis að breytast og hreyfast til. Indriði Úlfsson lítur svo á að lítið sé að marka umhverfismat ef staðsetning fyrirhugaðs álvers og teikningar sem sýna staðsetninguna og áhrif hennar á umhverfið, liggja ekki fyrir.

2. Raflínur

Af fyrirhuguðum raflínunum stafar sjónmengun, frá spennunni verður hávaði og segulsvið raflínanna er heilsuspillandi og getur valdið heilsutjóni. Að sögn fulltrúa Landsnets er 150 m mengunarsvæði en sjónmengun er mun meiri og ekkert hefur verið gert með fyrri athugasemdir um sjónmengun frá Héðinshöfða og kröfu um að línur verði lagðar í jörð. Staðsetning spennna er einnig óákveðin þar sem þeir tengjast álverinu.

3. Framleiðsluferlið

Í frummatsskýrslunni um álverið á Bakka er gert ráð fyrir á bls. 30 að notast verði við rafskaut með brennisteinsinnihaldi 2,4% sem þýðir útblástur brennisteins SO₂ sem nemur 6.340.000 kg á ári. Í frummatsskýrslunni um álverið á Reyðarfirði (apríl 2006) er gengið út frá notkun rafskauta með 1,8% (bls. 29, tafla í kafla 4.1.2), sem gefa frá sér 13,29 kg/t af áli eða 4.595.000 kg á ári.

Hvernig má það þá vera að radius þynningarsvæðisins á Bakka sé aðeins 2 kílómetrar en þynningarsvæði álversins í Reyðarfirði 7-8 kílómetrar. Miðað við þetta ætti mengunin að vera 38% meiri á Bakka.

4. Hugbúnaður

Fram kemur á bls. 32 í frummatsskýrslunni að notaður er sami hugbúnaður við mat á umhverfisáhrifum hljóð- og loftmengunar og gert var við umhverfismatið á Fjarðaráli. Lofttreiknilíkön eru valin af Alcoa fyrir Bakka og Fjarðarál. Þetta þarf endurskoðunar við þar sem þynningarsvæði Fjarðaráls er 7-8 km en aðeins 2 km á Bakka.

5. Frárennsli

Samkvæmt upplýsingum á bls. 35 í frummatsskýrslunni er árlegt frárennsli svífs þegar um er að ræða vothreinsibúnað 41 tonn á Bakka en 32,5 tonn samkvæmt Fjarðarálsskýrslunni. Hvernig má það vera, ef álverin eiga að vera sambærileg að stærð og gerð?

6. Mengun og mengunarútreikningar

Í kafla 5.1.1 í frummatsskýrslunni kemur fram að öll líkön við mat á útblæstri eru valin af Alcoa og kostuð af Alcoa. Aðrir sérfróðir aðilar koma ekki að þessu mati og virðist því allt sem frá Alcoa kemur að þessu leyti vera talið trúanlegt.

Í frummatsskýrslunni um Fjarðarál bls. 137 er talað um að útblástur fluoríðs sem er samkvæmt frummatsskýrslu Fjarðaráls 34.600 kg á ári en á Bakka 42.100kg eða 22% meiri á Bakka sé sambærilegur og áhætta sé óveruleg.

Sama er að segja um meðalstyrk SO₂. Hann er sagður á bls. 137 sambærilegur á Bakka og í Fjarðaráli, sbr. bls. 137. Þetta er sagt enda þótt skautin séu mismunandi og mengunin 38% meiri sem er mjög villandi. Á bls. 137-140 í frummatsskýrslunni eru áhrif álversins á mengun talin óveruleg og er sú ályktun byggð á þeim upplýsingum sem koma frá TRC en þær eru haldnar þeim annmörkum sem áður hafa verið raktir.

7. Vindmælingar

Í viðaukaskýrslu "Assessment of Air Quality Impacts of Emissions from Alcoa Aluminium Plant in Húsvík, Iceland" á bls. 3-11 er tafla sem sýnir þær veðurstöðvar sem notaðar eru við mat á vindi og mengun. Þarna eru skilgreiningar þeirra gagna sem TRC notaði við mengunarmatið og útreikning vindrósar.

Upp eru talin númer veðurstöðvanna en þær eru taldar upp m.a. stöðvarnar:

Húsvíkurhöfði nr. 3691,

Bakkahöfði nr. 3692,

Gvendarbás nr. 3693,

Húsvíkurfjall nr. 3694,
Húsavíkurhöfn nr. 3696,
Mánárbakki nr. 479.

Ekkert er minnst á að stuðst hafi verið við upplýsingar frá stöð nr. 3695 sem er stöðin á Héðinshöfða.

Á bls. 3-12 og 3-13 í sama kafla er mynd af þeim gagnagrunni sem TRC hefur gert til að meta mengunina. Myndin er vægast sagt mjög gróf og sýnir mjög óljóst lag fjalla eða hæða. Til dæmis sést Lundey alls ekki. Matið er sem sagt mjög gróft og getur því engan veginn gefið nákvæma mynd þar sem landslag í landi Bakka, Húsavíkur og Héðinshöfða er mjög mishæðótt og nokkuð há fjöll innar í landinu. Á bls. 2-1 er t.d. vitnað til álvers Alcoa í Desambault. Þar er landslag þannig að 2,2 kílómetrar eru í næsta íbúðarhús og stór skógur allt í kringum álverið og álverið byggt á ásóttu landslagi en engin fjöll sjáanleg.

Vindrósir fyrir ofantalda staði mæla veður 2003-2006. Veðurstöðin á Héðinshöfða mælir aðeins tímabilið janúar til október 2009. Niðurstöður frá Héðinshöfða eru bornar saman við niðurstöðurnar frá fyrrgreindum veðurstöðvum. Samkvæmt því eru bornir saman ósambærilegir þættir. Mælingartímabilið á Héðinshöfða er allt annað en mælingartímabilið á hinum stöðvunum og að auki er mælingartímabilið miklu styttra. Framsetning þessi er til þess fallin að villa um fyrir notendum frummatsskýrslunnar.

Á bls. 8-10 í frummatsskýrslunni kemur fram á mynd að SO₂ mengun fari yfir 350ug/m³ rétt við húsin á Húsvík, en samkvæmt niðurstöðu eru loftmengunaráhrifin talin óveruleg.

Einkennilegt er að 78 m hár reykháfur geti spúið menguninni svo hátt í loft upp í logni eins og fram kemur í viðaukaskýrslu "Assessment of Air Quality Impacts of Emissions from Alcoa Aluminium Plant in Húsvík, Iceland" bls. 7-12, en þar er fjallað um tíðni "Calm Events" sem eru þarna nánast hvern dag. Þetta er í hrópanði ósamræmi við að SO₂ mengun falli nánast einungis á næstu fjallatoppa og úti á sjó í margra kílómetra fjarlægð, en hús í 700-900 m fjarlægð verði ekki fyrir neinum mengunaráhrifum. Þó er viðurkennt að mengunin komi að stórum hluta upp með mæni álverksmiðjunnar.

8. "Wet scrubber effluent dilution"

Ekki verður betur séð en að ósamræmi sé milli myndar í kafla 6.1 bls. 7 og myndar í kafla 6.4 bls. 10. Svo virðist sem mengunaráhrifunum sé lýst með mismunandi hætti á þessum tveimur stöðum. Dregur þetta óhjákvæmilega úr trúverðugleika matsskýrslunnar.

9. Vatnsnotkun

Ekki eru fullnægjandi upplýsingar um það hvaðan ferskvatn sem þarf til starfseminnar kemur. Áætluð vatnsnotkun (bls. 22) er 300 þúsund rúmmetrar í verksmiðjunni á Bakka en 730 þúsund í verksmiðju Fjarðaráls. Hvernig skýrist þessi mikli munur?

10. Hávaðamengun (bls. 152-54)

Hljóð myndast af raflinum, sprengingum og bílaumferð. Á bls. 158 er talað um að bílaumferð valdi 2db hávaða og fram kemur að hávaði við húsvegg á Héðinshöfða sé rétt undir 40 db. Mat á hávaða frá bílum, vélum og sprengingum á byggingartíma er

ekki metin að því að best verður séð. Deigluunum virðist hafa verið sleppt við mat á hávaða.

Í skýrslunni er talað um hugsanlega kerföðrun síðar, sem auki hávaða. Við matið er ekki tekið tillit til áhrifa baðhreinsivirkis og þeirrar kerföðrunar sem áætluð er síðar. Hljóðmengun frá Fjarðaráli er mun meiri og nær lengra en gert er ráð fyrir á Bakka. Þetta gerist enda þótt fram komi á bls. 14 séu ætluð spennustöð og baðhreinsivirki en slíkt er ekki að sjá í gögnum um Fjarðarál.

Í hljóðvistarskýrslu bls. 5 er hávaði við Héðinshöfða 1 sagður verða 35,7db og 37,7db en við vegg á Héðinshöfða 2 er hávaður sagður verða 38,1-39,8 db. Ef súmmað er inn á litakort af hljóðmengun aðeins frá húsveggjum á Héðinshöfða sést að hávaðinn er þar metinn 40-42db en ekki undir 40 db. Ekkert tillit virðist tekið við umhverfishávaða eins og bílaumferðar sem sagt er á bls. 158 að valdi 2db hávaða og ekki er nefnt að um nein frávik geti verið að ræða. 10% frávik til eða frá valda því að hljóð fer upp fyrir leyfileg mörk. Svo virðist sem gengið sé út frá einhverjum gefnum forsendum jafnvel varðandi vind og annað sem ekki er nefnt.

Fram kemur í viðaukaskýrslu "Assessment of Air Quality Impacts of Emissions from Alcoa Aluminium Plant in Húsvík, Iceland" bls. 7-12 að alger kyrrð skapist á Bakkahöfða 313 til 380 sinnum á ári og á Héðinshöfða gerðist þetta 334 sinnum á 10 mánaða tímabili.

Með algerri kyrrð er átt við "*Calm Events*" sem geta varað frá 1 klst til 13 klst. Þetta eykur líkur á að hljóðmengunin og loftmengun verði enn meiri á Héðinshöfða en ella vegna stillviðris.

Svipaða sögu er að segja um hávaðamengun á Húsavík. Þar er mældur hávaði frá höfninni metinn 40-45db við húsin sem næst eru. Þetta sést ef súmmað er inn á myndina í viðaukanum um hávaðann.

11. LjósMengun

Slík mengun er ekki metin en hefur veruleg áhrif á Héðinshöfða sem er aðeins í nokkur hundruð metra fjarlægð og er nú friðsæll sveitabær.


12. Segulsvið

Segulsvið verður eflaust verulegt umhverfis spennana og spennuvirkin en þau verða líklega í 7-800 m fjarlægð frá íbúðarhúsunum á Héðinshöfða.

13. Sjónræn áhrif

Á bls. 171- 176 í frummatsskýrslunni eru myndir sem eiga að sýna álverið í landslaginu. Þær eru villandi þar sem þær eru teknar úr nokkurri fjarlægð þannig að álverið sýnist eins og strík á myndunum. Því mætti ætla að öll verksmiðjan hverfi nánast inn í landslagið, sem hún gerir alls ekki meðal annars vegna stærðar sinnar. Raflínur sjást ekki á myndunum og er það líka villandi.

Á bls. 179 er talað um að sjónræn áhrif álversins frá Héðinshöfða séu "verulega neikvæð", en frá styttu af Einari Benediktssyni, skáldi, sem er nokkru nær fyrirhugaðri verksmiðju, séu þau "talsvert neikvæð". Þetta samræmist ekki og er hreinlega villandi fyrir þá sem ekki þekka til.



Elín Nóadóttir/skipulag
15.06.2010 08:47

To Rut Kristinsdóttir/skipulag@skipulag
cc
bcc
Subject Fw: Athugasemdir

----- Forwarded by Elín Nóadóttir/skipulag on 15.06.2010 08:46 -----



"Elda ehf." <elda@elda.is>

14.06.2010 21:33

To <skipulag@skipulag.is>
cc
Subject Athugasemdir

Góðan daginn

Með vísun til skýrslu um mat á umhverfisáhrifum Kröfluvirkjunar II og háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum, geri ég undirritaður eftir farandi athugasemdir:

Ég geri athugasemdir við staðsetningu borsvæðis uppi á Sandabotnafjalli, þar sem ég tel með því verið að spilla ósnortnu útvistarsvæði og fögru útsýni frá Hrafninnuhrygg til Mývatns.

Ég hvet til þess, að þess í stað verði skáborunum beitt í auknum mæli á þessu svæði, frá þegar röskuðum svæðum, eftir því sem unnt er.

Þá bendi ég á, varðandi borsvæði norðan Vítis, að þar þarf að taka tillit til útsýnis frá Leirhnjúki, þ.e. að því verði sem allra minnst spillt þegar horft er þaðan til Kröflu.

Einnig þarf að vanda sérstaklega til vals á lagnaleið frá því borsvæði til suðurs, þannig að útsýni frá Víti verði ekki spillt.

Ég geri einnig athugasemdir við að sérstæðu hrauni á Hlíðardal verði raskað vegna langingar 132 kV jarðstrengs meðfram Kröfluvegi – og hvet til þess að vandlega verði skoðaður sá möguleiki að leggja þennan jarðstreng nokkru austar, þ.e. austan við Dalhraunið, frá Dalleiru um Halaskóga og þaðan norður vestan við Halaskógafjall.

Virðingarfyllt,
Jón Illugason
kt. 050638-4729
Helluhrauni 15
660 Mývatn

14. júní 2010

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
105 Reykjavík

t-póstur

EFNI: Athugasemdir við frummatsskýrslur vegna Þeistareykjavirkjunar, Kröfluvirkjunar II, háspennulína, álvers á Bakka og sameiginlegs mats framkvæmda.

Landvernd gerði athugasemdir við tillögur að matsáætlunum vegna ofangreindra framkvæmda þann 18. október 2009. Ekki fæst þó séð að mikið tillit hafi verið tekið til ábendinga sem þar komu fram við gerð frummatsskýrslna og eru athugasemdir Landverndar við frummatsskýrslur því að flestu leyti samhljóða þeim sem fram voru settar haustið 2009. Er vísað í þær athugasemdir. Þessu til viðbótar hyggjast samtökin leggja fram hugmyndir um hvernig draga megi úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmda við Þeistareyki og Kröflu en útfærsla þessara tillagna er í vinnslu.

Í frummatsskýrslum kemur fram að tilgangur með verkefnunum sé að nýta þá orku sem er í jörðu á þessu svæði til að byggja upp öflugar undirstöðuáttvinnugreinar á Norðausturlandi og styrkja þannig stöðir byggðar í landshlutanum. Það er þó ljóst að orkan á öll að fara til eins álvers á iðnaðarsvæði á Bakka, norður af Húsavík. Landvernd hefur verulegar efasemdir um hversu skynsamlegt sé að nýta alla þá orku sem hugsanlega verður hægt að afla á Norðurlandi með þessum hætti.

Landvernd bendir enn og aftur á að ekki hefur verið gerð grein fyrir hvaðan orkan á að koma fyrir álver í fullri stærð, um 625 MW. Ef ætlunin er að byggja álver með 346.000 tonna framleiðslugetu og mat á umhverfisáhrifum tekur til þess, þá þarf matið einnig að taka til framleiðslu 625 MW orku. Þetta þarf að leggja fyrir til að sameiginlegt mat ná tilgangi sínum.

Samgjalp/
álver

Að öðru leyti lúta athugasemdir Landverndar fyrst og fremst að þeim svæðum sem fyrirhugað er að fari undir orkuvinnslu og línulagnir. Ljóst er að um verðmæt svæði er að ræða út frá náttúruverndarsjónarmiðum og því mikilvægt að öll umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda séu kunn áður en ákvarðanir um framkvæmdir eru teknar. Og eins og fram kemur í frummatsskýrslum eru neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdanna mjög veruleg, sem hlýtur aftur að leiða til spurninga um fýsileika verkefnisins í heild. Ef út í verkefnið er farið þarf þó að gæta að ýmsu:

Þeistareykir: Samkvæmt tillögum í frummatsskýrslu er gert ráð fyrir mjög mörgum borsvæðum innan svæðis sem er á náttúruuminjaskrá og miklum þéttleika. Landvernd fær ekki séð að sá fjöldi borplana sem er fyrirhugaður sé nauðsynlegur og bendir á að hægt er að bora allt að 1-1,5 km til hliðar með skáborunum og koma þannig í veg fyrir óþarfa rask. Landvernd fer fram á það að gerðar verði kröfur í ákvörðun Skipulagsstofnunar um mat og samanburð á kostum hvað þennan þátt varðar. Samtökin vinna nú að hugmyndum um annað og breytt skipulag svæðisins sem verða sendar til Skipulagsstofnunar eins og fljótt og auðið er.

Þeistareykir

Krafla II: Landvernd telur áform um borsvæði nálægt Hrafninnuhrygg, Víti og Leirhnjúk óásættanleg. Núverandi borsvæði eiga að nægja með skáborunum. Landvernd fer fram á að gerðar verði kröfur í ákvörðun Skipulagsstofnunar um breytingar á þessu, ella gerðar kröfur um samiburð á kostum hvað þennan þátt varðar. Einnig er gerð athugasemd við lokun leiðarinnar frá Kröflu norður í Gjástykki með keðju og bannskilti. Samtökin vinna nú að tillögum að öðru skipulagi svæðisins sem verða sendar til Skipulagsstofnunar eins og fljótt og auðið er.

Krafla

Línustæði: Um er að ræða tvöfalt kerfi háspennulína sem eru 220 kW hvor um sig. Þetta er sú krafa sem gerð er fyrir álver en álver gera mjög miklar kröfur um afhendingaröryggi. Ljóst má vera að ef um orkugrennri starfsemi væri að ræða þyrftu svo stórar línur ekki að koma til. Fram hefur komið að helgunarsvæði lína af þessu tagi er 55m breitt þegar um einfalda línu er að ræða en allt að 130m þegar línan er tvöföld. Hæð mastrana yrði 20-28 metrar. Ljóst er að yfirborðsáhrif lína yrðu mjög veruleg og að áhrif á landslag yrðu mjög neikvæð. Landvernd fer fram á að lagður verði fram kostur með báðum línunum samsíða alla leiðina.

Línur

Veglagning: Landvernd vill sjá aðra tillögu að vegi að Þeistareykjum. Í frummatsskýrslu er eingöngu fjallað um nýlagningu um hraunasvæði. Hér þarf að skoða gamla vegstæðið betur. Samtökin munu gera tillögu um annað fyrirkomulag hvað vegstæði varðar.

Þeistareykjum

Efnisnámur: Í mati þarf að gera grein fyrir fullnaðarviðgerð á ljótri námu í skriðu vestan í Bæjarfelli. Í frummatsskýrslu er aðeins gerð grein fyrir viðgerð að hluta.

Þeistareykjum?

Heildaráhrif og sameiginlegt mat: Landvernd leggur mikla áherslu á að í sameiginlegu mati sé með gagnsæjum hætti fjallað raunverulega um samlegðaráhrif framkvæmdanna. Þar geti ekki nægt að leggja saman niðurstöður matsskýrslna um þær einstöku framkvæmdir sem um ræðir, heldur hljóti að þurfa að leggja sjálfstætt mat á samlegðar- og möguleg sammögnunaráhrif framkvæmdanna. Í því sambandi þurfi t.d. að fjalla um samlegðaráhrif miðað við mismunandi framkvæmdakosti.

Sameiginlegt

Landvernd bendir á að drög að orkustefnu fyrir Ísland hafa verið lögð fram og beinir því til Skipulagsstofnunar og framkvæmdaáðila að kanna hversu vel þær frummatsskýrslur sem hér eru til umfjöllunar samræmast þeirri stefnu.

Landvernd bendir á ályktun sem samþykkt var á aðalfundi samtakanna nýverið undir heitinu "Ályktun um orkuöflun og almenna umgengni við náttúru Íslands". Þessi ályktun er hjálögð.

Með vinsemd og virðingu,

Lárus Vilhjálmsson,
framkvæmdastjóri



LANDVERND

Aðalfundur Landverndar 2010

Ályktun um orkuöflun og almenna umgengni við náttúru Íslands.

Aðalfundur Landverndar, haldinn að Nauthól í Nauthólsvík 26. maí 2010, brýnir fyrir ráðamönnum, sveitarstjórnnum, framkvæmdaraðilum, aðilum vinnumarkaðarins og landsmönnum öllum að tímabundnir erfiðleikar í efnahagslífi eru engin réttlætning til að fórna náttúruverðmætum með óafturkræfum hætti fyrir skammtíma hagvöxt. Fara þarf gætilega með náttúruauðlindir, sér í lagi orkuauðlindir sem nú er mikil ásókn í, og huga að siðferðislegri skyldu landsmanna að varðveita náttúru Íslands og hlífa henni sem mest við hvers konar átroðningi, hvort sem er vegna stórframkvæmda, utanvegaaksturs, eða annarrar háttsemi sem rýrir gildi náttúrunnar um ókomna tíð.

Fundurinn minnir í þessu sambandi á eyðingu skóga fyrr á öldum og uppblástur jarðvegs. Einnig minnir fundurinn á eyðingu votlendis á síðustu öld. Ennfremur á ástand fiskistofna við landið miðað við það sem áður var.

Aðalfundurinn skorar á stjórnvöld og orkufyrirtæki landsins að virða þarfir þjóðarinnar um ókomna tíð og gæta aðsjálni og fyrirbyggju í nýtingu og virkjun orkuauðlinda landsins, einkum vatnsafls og jarðhita, í samræmi við viðurkennda stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Auðlindir þessar eiga að standa komandi kynslóðum til boða og afnota. Því ber að forðast skammtíma gróðahyggju og stofna ekki til útsölu á dýrmætum orkuauðlindum. Forðast ber rányrkju orkuauðlinda. Þótt þær séu í eðli sínu að miklu leyti endurnýjanlegar eru þær endanlegar að magni, heildarorku og afli. Þetta á ekki síst við um framleiðslu raforku á háhitasvæðum með háhitagufu, þar sem nýting varmaorkunnar getur farið niður undir 10% og gífurlegri orku er sóað, orku sem betur væri varðveitt til framtíðar.

Aðalfundurinn minnir í þessum efnum á eftirfarandi ályktanir fyrri aðalfunda sem enn eru í fullu gildi:

Hálendið verði griðasvæði – aðalfundur 2006

Virkjanir og stóriðja – aðalfundur 2006

Ályktun um orkufrekan iðnað – aðalfundur 2007

Ályktun um verklag í tengslum við stóriðju – aðalfundur 2008

Ályktun um umgengni við orkulindir landsins – aðalfundur 2008

Ályktun um styrkingu stjórnsýslu umhverfis- og auðlindamála – aðalfundur 2009

Ályktun um grænar áherslur í atvinnumálum – aðalfundur 2009



Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík 14. júní 2010

Athugasemdir Náttúruverndarsamtaka Íslands við frummatsskýrslur um Kröfluvirkjun II, Þeistareykjavirkjun, Háspennulínur frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka, álver á Bakka og sameiginlegt mat þessara framkvæmda.

Náttúruverndarsamtök Íslands gera þá meginathugasemd við skýrslurnar og skýrslu um sameiginlegt mat framkvæmda að þær standast ekki úrskurð umhverfisráðherra þann 1. ágúst 2008, að „umhverfisáhrif álvers á Bakka við Húsavík, Þeistareykjavirkjunar, Kröfluvirkjunar II og háspennulínu frá Kröflu og Þeistareykjum til Húsavíkur skuli metin sameiginlega samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 74/2005.”

Ein meginforsenda fyrir úrskurði ráðherra var að upplýsingar um umhverfisáhrif virkjana, línulagna og álvers á Bakka lögju fyrir samtímis. Hér skortir mikið á því áætlað afl dugir ekki fyrir nema $\frac{3}{4}$ af þeirri orku sem 346 þúsund tonna álver þarfnast.

Ljóst er af sameiginlegri matsskýrslu Landsvirkjunar, Alcoa, Þeistareykja ehf og Landsnets¹ að enn eru ótalin 140 MW sem virkja verður til að unnt verði að knýja 346 þúsund tonna álver Alcoa á Bakka. Eins og sameiginleg matsskýrsla framkvæmdaaðila ber með sér hafa

¹ Bls. 21.

framkvæmdaaðilar litla hugmynd um hvaðan sú orka eigi að koma. Raunar er alls óljóst hvort unnt verði að afla nægilegrar orku með borunum á Þeistareykum og Kröflu II. Getgátur framkvæmdaraðila um, að

Með tækniframförum og auknum upplýsingum megi leiða líkur að því að mat á vinnslugetu geti breyst verulega, eins og það hefur gert á undanförunum 25 árum og eigi það ekki síst við um svæði þar sem engar holur hafi verið boraðar. Til marks um breytingar sem orðið hafa á jarðvarmamati þá hefur samanlagt flatarmál allra jarðhitasvæða sem skoðuð voru stækkað um 75 % síðan síðasta jarðvarmamat var unnið árið 1985. Þá voru svæðin talin vera 480 km² en í þessu mati eru þau talin vera 850 km² að flatarmáli. Þannig hefur áætlað rafafli hækkað úr 3.300 MW í 4.300 MW.

er horft fram há þeirri staðreynd að umrædd tæknipróun átti sér stað á 25 árum. Tæpast gerir Alcoa ráð fyrir að byggja 346 þúsund tonna álver á svo löngum tíma. Enda segir á bls. 23:

Í frummatsskýrslu vegna álvers á Bakka kemur fram að Alcoa hafi væntingar um að háhitasvæðin kunni að gefa meiri orku þegar reynsla er komin á þau og yrði það nærtækur kostur til frekari orkuöflunar vegna álversins. Um þetta sé þó ekkert hægt að fullyrða að svo komnu máli og benda megi á rammaáætlun á vegum íslenskra stjórnvalda, sem ætlað er að móta stefnu í nýtingu orkuauðlinda landsins. Nái álver á Bakka fullri framleiðslugetu, þ.e. 346.000 tonn/ári, mun undirbúningur frekari orkuöflunarverkefna fara eftir eðlilegum leiðum í skipulagi og mati á umhverfisáhrifum þegar þar að kemur. Miðað við ofangreinda umræðu er raunin sú að umhverfisáhrif sem hljótast munu af orkuöflun fyrir 346.000 tonna álframleiðslu á Bakka hafa ekki verið metin að öllu leyti á þessu stigi málsins.

Ennfremur segir á bls. 23:

Á þessu stigi er miklum vandkvæðum bundið að gera grein fyrir hvaðan sú viðbótar orka kæmi, en vonir standa til þess að hægt verði að anna þeirri orkuþörf á jarðhitasvæðum í Þingeyjarsýslum.

Í stjórnslukæru Náttúruverndarsamtaka Íslands, dags. 18 mars 2008, er bent á, að

Úr tilskipun 97/11/EB (innihald)

Þær upplýsingar um umhverfisáhrif viðkomandi framkvæmdar og það samráðsferli við stofnanir og almenning sem kveðið er á um í tilskipuninni séu **undanfari ákvörðunar** um framkvæmdaleyfi og að þessi atriði *séu tekin til umfjöllunar við ákvörðun þar um*. Með öðrum orðum **skal leyfisveitandi vera upplýstur um umhverfisáhrif framkvæmdar og athugasemdir almennings þegar hann tekur afstöðu** til umsóknar framkvæmdaraðila um leyfi til framkvæmda.

Tilskipanir Evrópusambandsins um mat á umhverfisáhrifum mæla fyrir um aðferð, fremur en efnisviðmið. Af umfjöllun fræðimanna og úrlausnum dómstóls Evrópusambandsins má þó ráða að aðferðin verði að lágmarki að fela í sér þrjá meginþætti:

1. Að fram komi upplýsingar um veruleg áhrif á umhverfisþætti, eins og þeir eru skilgreindir í tilskipuninni. Í því felst að greint sé frá áhrifum á einstaka umhverfisþætti og þeim lýst. Í tilskipuninni kemur fram hverjar lágmarksupplýsingar eru, en að öðru leyti er þess ekki krafist að upplýsingar séu teknar saman með einhverjum sérstökum hætti eða að eitthvert stjórnvald skuli leggja efnislegt mat á þær.
2. Að tryggt sé að almenningi og opinberum stofnunum sé gert kleift að tjá sig um framkvæmdaáform og áhrif á umhverfisþætti og koma á framfæri viðbótarupplýsingum. Þessi þáttur er vafalaust grunnþáttur tilskipananna og mörg mál hafa verið reist á þeim grunni að upplýsingar um framkvæmdaáform hafi ekki verið nægilega ljósar og almenningi því ekki gefist fullnægjandi tækifæri til að koma að athugasemdum. Ljóst er að gerðar eru kröfur um að framkvæmd sé lýst þannig að allir meginráttir hennar komi fram og að aðgangur almennings og umsagnarréttur sé tryggður. Ekki dugir þannig að leggja fram almenna lýsingu á mögulegri framkvæmd, þar sem áformin verða að vera svo skýr að unnt sé á grundvelli þeirra að gera sér grein fyrir áhrifum framkvæmdar á einstaka umhverfisþætti.
3. **Að þær upplýsingar og þau gögn sem fram koma í matsferlinu séu tekin til athugunar af því stjórnvaldi sem veitir framkvæmdaleyfi. Hér er áherslan á að upplýsingarnar séu lagðar til grundvallar ákvörðun um framkvæmdaleyfi.** Í því felst ekki að ákvörðun um framkvæmdaleyfi sé í samræmi við niðurstöðu matsins, en hins vegar að efnislegu upplýsingarnar sem fram koma í matsferlinu séu grundvöllur ákvörðunar um framkvæmdaleyfi. Þannig þarf í framkvæmdaleyfi að víkja að þeim upplýsingum sem fram komu í matsferlinu um umhverfisáhrif og taka afstöðu til mögulegra mótvægisáðgerða. Útgefandi framkvæmdaleyfis getur hafnað mótvægisáðgerðum eða krafist annarra áðgerða en þeirra sem greindar eru í matsskýrslu og athugasemdum almennings og opinberra aðila, en hann verður að taka efnislega afstöðu til þeirra upplýsinga sem fram komu í ferlinu við veitingu framkvæmdaleyfis.


Úrskurður umhverfisráðherra byggði á þeirri meginröksemd að mat á umhverfisáhrifum framkvæmda vegna 346 þúsund tonna álvers færi fram samtímis enda verði allar upplýsingar að liggja fyrir. Hér er miklum hluta framkvæmda skotið á frest – þar eð óljóst er hvort orka sé fyrir hendi – og alls óljóst hvort eða hvernig verði unnt að afla orku með þeim hætti sem framkvæmdaraðilar tilgreina sem möguleika.

Krafa Náttúruverndarsamtaka Íslands er að Skipulagsstofnun úrskurði að mat framkvæmdaraðila sæmræmist ekki úrskurði umhverfisstjórnanna, dags. 1. ágúst 2008.

Náttúruverndarsamtök Íslands áskilja sér fullan rétt til að koma á framfæri frekari gögnum og athugasemdum eftir því sem frekari upplýsingar berast um mál þetta.

Virðingarfyllst,

f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands,

A handwritten signature in green ink, appearing to read 'Árni Finnsson', written over a faint rectangular stamp.

Árni Finnsson.

Viðauki

Stjórnsýslukæra Náttúruverndarsamtaka Íslands, dags. 18. mars 2008.

Náttúruverndarsamtök Íslands gera kröfu um að umhverfisáhrif allra tengdra framkvæmda verði metin saman, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 106/2000. Einkum umhverfisáhrif vegna virkjana og línulagna. Náttúruverndarsamtök Íslands fara því fram á að umhverfisráðherra úrskurði að álver, virkjunarkostir og línustæði verði tilgreind nákvæmlega af framkvæmdaaðila í samræmi við áætlaða stærð álvers Alcoa á Bakka og þeir þættir metnir sameiginlega í samræmi við 2. mgr. 5. gr. laga nr. 106/2006. með síðari breytingum.

Greinargerð:

Lög 106/2000 voru m.a. sett til innleiðingar á tilskipun 97/11/EB. Þar er meðal annars kveðið á um rétt almennings til að koma á framfæri athugasemdum. Skv. tilskipuninni er sú forsenda, að allar nauðsynlegar upplýsingar liggi til grundvallar ákvörðun, eitt af meginmarkmiðum tilskipunarinnar.

Óheimilt að gefa út leyfi fyrr en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir. Núverandi lög (e. breyt 74/2005)

Eftirfarandi kemur fram í greinargerð með lögum 74/2005, sem breyttu lögum nr. 106/2000 (okkar feitletranir):

Úr tilskipun 97/11/EB (innihald)

Þær upplýsingar um umhverfisáhrif viðkomandi framkvæmdar og það samráðsferli við stofnanir og almenning sem kveðið er á um í tilskipuninni séu **undanfari ákvörðunar** um framkvæmdaleyfi og að þessi atriði séu **tekin til umfjöllunar við ákvörðun þar um**. Með öðrum orðum **skal leyfisveitandi vera upplýstur um umhverfisáhrif framkvæmdar og athugasemdir almennings þegar hann tekur afstöðu** til umsóknar framkvæmdaraðila um leyfi til framkvæmda.

Tilskipanir Evrópusambandsins um mat á umhverfisáhrifum mæla fyrir um aðferð, fremur en efnisviðmið. Af umfangi fræðimanna og úrlausnum dómstóls Evrópusambandsins má þó ráða að aðferðin verði að lágmarki að fela í sér þrjá meginþætti:

4. Að fram komi upplýsingar um veruleg áhrif á umhverfisþætti, eins og þeir eru skilgreindir í tilskipuninni. Í því felst að greint sé frá áhrifum á einstaka umhverfisþætti og þeim lýst. Í tilskipuninni kemur fram hverjar lágmarksupplýsingar eru, en að öðru leyti er þess ekki krafist að upplýsingar séu teknar saman með einhverjum sérstökum hætti eða að eitthvert stjórnvald skuli leggja efnislegt mat á þær.
5. Að tryggt sé að almenningi og opinberum stofnunum sé gert kleift að tjá sig um framkvæmdaáform og áhrif á umhverfisþætti og koma á framfæri viðbótarupplýsingum. Þessi þáttur er vafalaust grunnþáttur tilskipananna og mörg mál hafa verið reist á þeim grunni að upplýsingar um framkvæmdaáform hafi ekki verið nægilega ljósar og almenningi því ekki gefist fullnægjandi tækifæri til að koma að athugasemdum. Ljóst er að gerðar eru kröfur um að framkvæmd sé lýst þannig að allir megindrættir hennar komi fram og að aðgangur almennings og umsagnarréttur sé tryggður. Ekki dugir þannig að leggja fram almenna lýsingu á mögulegri framkvæmd, þar sem áformin verða að vera svo skýr að unnt sé á grundvelli þeirra að gera sér grein fyrir áhrifum framkvæmdar á einstaka umhverfisþætti.
6. ***Að þær upplýsingar og þau gögn sem fram koma í matsferlinu séu tekin til athugunar af því stjórnvaldi sem veitir framkvæmdaleyfi. Hér er áherslan á að upplýsingarnar séu lagðar til grundvallar ákvörðun um framkvæmdaleyfi.*** Í því felst ekki að ákvörðun um framkvæmdaleyfi sé í samræmi við niðurstöðu matsins, en hins vegar að efnislegu upplýsingarnar sem fram koma í matsferlinu séu grundvöllur ákvörðunar um framkvæmdaleyfi. Þannig þarf í framkvæmdaleyfi að víkja að þeim upplýsingum sem fram komu í matsferlinu um umhverfisáhrif og taka afstöðu til mögulegra mótvægisáðgerða. Útgefandi framkvæmdaleyfis getur hafnað mótvægisáðgerðum eða krafist annarra áðgerða en þeirra sem greindar eru í matsskýrslu og athugasemdum almennings og opinberra aðila, en hann verður að taka efnislega afstöðu til þeirra upplýsinga sem fram komu í ferlinu við veitingu framkvæmdaleyfis.

Samþykkt hefur verið ný tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 26. maí 2003 nr. **2003/ 35/EB** um þátttöku almennings í gerð tiltekinna áætlaða og framkvæmda í tengslum við umhverfismál og breytingar á, með tilliti til þátttöku almennings og aðgangi að réttlátri málsmeðferð, tilskipunum ráðsins 85/337/EBE og 96/61/EB. Tilskipunin felur í sér breytingar á tilskipun 85/337/EBE um mat á umhverfisáhrifum og tilskipun 96/61/EB um samþættar mengunarvarnir. Með tilskipuninni er

verið að tryggja þátttöku almennings í ákvarðanatöku stjórnvalda og aðgang almennings að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Byggja ákvæði hinnar nýju tilskipunar á ákvæðum Árósasamningsins um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Með tilskipuninni eru tekin upp ákvæði er varða kynningu á gögnum í matsferli leyfisskyldra framkvæmda og að almenningur hafi **raunverulegt tækifæri** snemma í ferlinu til að taka þátt og koma á framfæri athugasemdum meðan allir kostir eru opnir. Einnig eru í tilskipuninni ákvæði um að „almenningur sem málið varðar“ skuli hafa aðgang að áfrýjunarleið fyrir dómstólum eða hlutlausum aðila samkvæmt lögum til að vefengja lagagildi, bæði form og efni, sérherrar ákvörðunar er varðar leyfisskyldar framkvæmdir sem haft geta umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfisverndarsamtök sem uppfylla skilyrði samkvæmt landsrétti skulu ávallt teljast hafa hagsmuna að gæta og njóta þannig kæruréttar samkvæmt tilskipuninni án þess að þurfa að sýna fram á lögvarða hagsmuni. Svo virðist sem ákvæði hinnar nýju tilskipunar um kynningu og kæruleiðir nái til leyfisveitinga vegna matsskyldra framkvæmda, t.d. veitingar framkvæmda- og byggingarleyfa samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, starfsleyfa samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og orkuleyfa samkvæmt raforkulögum, nr. 65/2003. Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar hafa aðildarríkin frest til 25. júní 2005 til að innleiða ákvæði hennar og er nú unnið að innleiðingunni í samráði við utanríksráðuneytið.

16. júní 2010

Háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka.

Háspennulínurnar munu samkvæmt áætlun liggja meðfram suðurhlið jarðarinnar Héðinshöfða og í verulegri nánd við landamerki hennar. Frá háspennulínunum að Bæjarhúsum jarðarinnar virðist fjarlægðin var rúmlega 1 km.

Vegna þessarar nándar munu háspennulínurnar vera mjög áberandi í landslaginu séð frá jörð okkar. Háspennulínurnar rísa bæði hátt og eru umfangsmiklar og kalla því á athygli. Ekki er vafi á að þetta rýrir varðgildi jarðarinnar Héðinshöfða eins og notum hennar er háttáð og eins og fyrirhuguð not hennar eru.

Ætla má að af háspennulínunum verði nokkur hávaði sem berist heim að bæjarhúsum við Héðinshöfða. Einnig verður slíkur hávaði til verulegra бага og óhagræðis.

Meðan á framkvæmdum stendur má búast við allnokkru moldroki alla leið að bæjarhúsum við Héðinshöfða, þar sem jarðvegurinn verður opnaður og ekki græddur strax. Sama mun leiða af vegagerð meðfram línusvæðinu. Meðan á framkvæmdum stendur má ætla að verulegur hávaði verði af þeirri vélavinnu og annari vinnu sem óhákvæmileg er vegna línulagnarinnar og vegagerðarinnar.

Með hliðsjón af framkvæmdum teljum við óhjákvæmilegt að háspennulínurnar verði lagðar í jörð á þeim kafla sem þær liggja meðfram jörðinni Héðinshöfða. Tengivirki þetta hlýtur að verða afar umfangsmikið og áberandi í umhverfinu, það mun blasa við frá bæjarhúsinu að Héðinshöfða og verða til mikilla lýti vegna sjónmengunnar. Þá er líklegt að önnur neikvæð áhrif fylgi slíku spellvirki. Bæði frá tengivirkinu og háspennulínunum kunna að stafa raföldur sem ef til vill hafa neikvæð áhrif á dýr og menn í grendinni. Staðsetning tengivirkisins er því sérstaklega mótmælt.

Við áskiljum okkur rétt til skaðabóta, bæði vegna tjóns á framkvæmdartímanum og vegna varanlegst tjóns á verðmætum jarðarinnar Héðinshöfða eins og að framan er lýst.

Jónas Jónasson, Rósa Kjartansdóttir Héðinshöfða 2 Tjörneshreppi.